



**SKOÐUN** Hægt er að líta á dóm Hæstaréttar sem alvarleg mistök, skrifar Ragnheiður Bragadóttir. **13**



**MENNING** Gunnar Nelson er sigurstranglegrí en Jorge „Sandman“ Santiago að mati Betsson. **26**



**SPORT** Mál tengd veðmálasvindli og hagræðingu úrslita leikja hafa komið upp á Íslandi á síðustu árum. **23**



Hádeggið er hápunktur dagsins

Sími 5 800 600  
www.iss.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

6. febrúar 2013  
31. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ A ÍSLANDI\*

## MARKAÐURINN



### Bara á eftir Glitni

Lífeyrissjóðir í hópi kröfuhafa gömlu bankanna hafa ekki gert athugasemdir við launakostnað hjá slita-stjórnnum Kaupþings og gamla Landsbankans eins og hjá Glitni. **2**

## FRÉTTIR

**Dópsalar herja á starfsfólk** Starfsfólk í Vinnslustöðinni í Eyjum hefur kvartað undan ágengni fíkniefnasala. Dæmi um að foreldrar hafi bannað börnum sínum að vinna þar. **2**

**Öryggi í fjallgöngum** Fjöldi slysa að undanförmu hefur vakið upp umræðu um öryggismál í ferðamennsku. Hver sem er getur stofnað ferðaklúbb og skipulagt gönguferðir. **4**

**Hömlulaus viðbrögð** Kynferðisbrot gegn börnum hafa kallað á hömlulaus viðbrögð almennra borgara. **8**



Bolungarvík	-2°	SA	4
Akureyri	0°	SA	4
Egilsstaðir	-3°	SV	2
Kirkjubæjarkl.	0°	NA	2
Reykjavík	0°	SA	6

**Pyknar upp** Í dag eru horfur á vaxandi suðaustanátt við SV- og V-ströndina og horfur á úrkomu þar um miðjan daginn. Hlynar lítillega í veðri. **4**

## 3 SÉRBLÖÐ

Markaður | Vetrarhátíð í Reykjavík  
Fólk



**Endurlifðu gamlar minningar á DVD**

20% afsl. af ljósmyndum yfir á DVD eða CD

Gildir út febrúar

**GAGNVIRKNI**  
www.gagnvirkni.is - 5174511  
Hamraborg 1, Kópavogi



**DUGNAÐARFORKAR** Ekki færri en fjórutíu krakkar úr grunnskólanum á Grundarfirði, í fylgd hóps fullorðinna, unnu að síldartínslu í Kolgrafafirði í gærmorgun. Allt að 25 tonn af síld voru komin í kör um hádegi og þeim ekið í átt til Sandgerðis þar sem fyrirtækið Skinnfiskur mun nýta síldina sem minkafóður. Það eru til þrífalegru störf, en þessar vinkonur létu það ekki á sig fá. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gæti þurft að senda sjúklinga til útlanda

Hjúkrunarfræðingar sem sagt hafa upp störfum við Landspítalann hafa fram í byrjun næstu viku til að sjá sig um hönd. Ekki næst saman í samninganefnd um endurskoðun stofnanasamnings. Spítalinn undirbýr einhliða breytingar á kjörum.

**VINNUMÁL** Komi í ljós að þorri þeirra hjúkrunarfræðinga sem sagt hafa upp störfum á Landspítalanum (LSH) ætli ekki að snúa aftur þar til starfa hefst endurskipulagning á starfsemi spítalans. Hluti af slíkri endurskoðun yrði að ákveða hvaða sjúklinga þyrfti að senda til útlanda í aðgerðir.

Uppsagnir 260 hjúkrunarfræðinga taka gildi um næstu mánaðamót og tuttugu til viðbótar mánuði síðar. Eftir stíf fundahöld síðustu vikur í samstarfsnefnd um endurskoðun stofnanasamnings hjúkrunarfræðinga lýsti spítalinn því yfir fyrir síðustu helgi að til stæði að hækka laun hjúkrunarfræðinga í samræmi við framlag ríkisstjórnarinnar í tengslum við svokallaða jafnlaunastefnu. Við breytinguna hækka laun hjúkrunarfræðinga að meðaltali um 25 þúsund krónur á mánuði.

Fulltrúar hjúkrunarfræðinga kynntu í gær samstarfsnefndinni, eftir afgerandi niðurstöðu á hóp-fundi hjúkrunarfræðinga á mánuðagskvöld, að þeir ætluðu ekki að vera með í endurnýjun samningsins eins og hún hefði verið lögð upp.

## Uppsagnir eftir sviðum\*

Deild	Fjöldi	Stöðugildi
Kvenna- og barnasvið	29	21
Lyflækningasvið	82	62
Skurðlækningasvið	169	131
<b>Samtals</b>	<b>280</b>	<b>214</b>

\*Uppsagnarfresti 260 lýkur 28. febrúar og 20 hinn 31. mars næstkomandi.  
Heimild: Glærakynning starfsmannstjóra LSH

„Ef þetta heldur svona áfram yfir lengri tíma mun heilbrigðisþjónusta ekki vera sú sama og áður á Íslandi,“ segir Björn Zoëga, forstjóri LSH. Stór hluti hjúkrunarfræðinganna sem sagt hafa upp sinnir mjög sérhæfðum störfum. Björn segir að endurskipulagning á starfsemi spítalans verði hafin þegar fyrir liggir hvort allir standi við uppsögn sína. Spítalinn vinni hins vegar áfram út frá þeirri forsendu að deilan leysist. Að sögn Björns hafa þeir hjúkrunarfræðingar sem sagt hafa upp frest til 12. þessa mánaðar til að gera upp hug sinn varðandi afturköllun uppsagnar. Vonir spítalans standa til þess að uppsagnirnar gangi ekki eftir.

„En núna er okkar verkefni að sjá til þess að þessir peningar sem við höfum gangi til okkar starfsmanna eftir þeim línunum sem um hefur verið rætt í samstarfsnefndinni.“

Þá segir Björn skilaboðin síðustu tvær vikur hafa verið mjög skýr frá ríkisvaldinu um að spítalinn fengi ekki hærri upphæðir til að vinna með en þegar hafi verið veittar til lausnar deilunni. „Eins og staðan er núna sé ég ekki að einhver nýr peningur sé að koma inn í þetta þótt við myndum auðvitað fagna slíku. Við höfum oft sagt að okkar fólk sé almennt of lágt launað og það myndi gefa okkur tækifæri til að leiðrétta eins mikið og hægt er.“

olikr@frettabladid.is

## Syngur um veikindi sín: Greindist með HIV-veiruna

**FÓLK** Tónlistarmaðurinn John Grant syngur meðal annars um það að hafa greinst með HIV-veiruna á plötu sinni, Pale Green Ghosts, sem kemur út 11. mars.

Grant segist hafa glímt við veikindi tengd veirunni. „HIV-veiran var farin að hafa virkileg áhrif á mig og ég var alltaf mjög þreyttur.“ Nú hefur hann tekið lyf í tæpt ár og segist aftur orðinn líkur sjálfum sér. - fb / sjá síðu 26



Fiskislóð 39

Opið alla virka daga  
kl. 10–18  
og laugardaga kl. 11–15



FORLAGIÐ

BÓKABÚÐ  
FORLAGSINS



# GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAM

Mörkinni 1



## ÚTSALA! ÚTSALA!

20 - 60% afsl. af parketi og flísum

Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

# GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAM

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 [www.gallerygolf.is](http://www.gallerygolf.is). Opið alla virka daga 10 -18, laugardaga 11 -15.





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY



Sportlegur að framan  
með 100 hjóðlát hestöfl  
undir húddinu.

## Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.



Mig langar í  
svona.

ahh ... útblásturinn  
aðeins 79g/km

### Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Umferðarljósin stoppa og stara á hann renna hjóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klinki af aðdáun meðan bensíndælnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hjóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútbæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

**Verð: 3.610.000 kr.**

**3,5l**  
/100km  
SPARAR BENSÍN

Notar aðeins frá 3,5 lítrum  
á 100 km í blönduðum akstri.



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Athyglin beinist að þverun fjarðarins

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að veita sex milljónir króna til rannsókna og vöktunar í Kolgrafafirði. Ríkisstjórnin, Landvernd og Náttúrustofa Vesturlands beina sjónum sínum að þverun fjarðarins vegna síldardauðans.

**UMHVERFISMÁL** Ákveðið var á ríkisstjórnarfundum í gær að veita fjármagn til rannsókna og vöktunar í Kolgrafafirði vegna síldardauðans í desember og aftur um síðustu helgi. Landvernd kallar eftir tafarlausum aðgerðum. Hugsanlegt sambengi þverunar Kolgrafafjarðar við síldardauðann vegur sífellt þyngra í umræðunni um þessa sérstöku atburði, sem að öllum líkindum eru einsdæmi í heiminum.

Aðeins eitt mál var á dagskrá ríkisstjórnar Íslands á fundi hennar í gær; Kolgrafafjörður og viðbrögð við endurteknum síldardauða. Var ákveðið að veita sex milljónum króna til verkefnisins og með því samþykkt tillaga um að veitt yrði fjármagn til vöktunar ástands fjarðarins og að metin yrði þörf og möguleikar á mótvægis-aðgerðum vegna atburðarins. 30.000 tonn af síld eru talin hafa drepist í desember og aftur þúsundir tonna síðastliðinn föstudag.

Heimildir Fréttablaðsins greina að sérstaklega hafi verið rætt um þverun Kolgrafafjarðar á ríkisstjórnarfundinum í þessu ljósi. Verður það á borði innanríkisráðherra að viðeigandi stofnanir skoði það sérstaklega, og þá ekki síst horft til þverana sem þegar eru á teikniborðinu.

Fréttablaðið skýrði frá því 17. janúar að þegar ráðist var í framkvæmdir við Snæfellsnesveg um Kolgrafafjörð var lítið vitað um lífríkið í firðinum. Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, mæltist til þess á sínum tíma að lögð yrði fram vöktunaráætlun til að fylgjast með því hvort áhrifin af framkvæmdinni, þverun fjarðarins, yrðu raunverulega þau sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Það var ekki gert og stóð aldrei til.

Stjórn Landverndar sendi frá sér ályktun í gær þar sem samtökin hvetja stjórnvöld til að grípa til tafarlausra aðgerða og að „áhrif þverana fjarða á lífríki þeirra almennt verði rannsökuð ítarlegar en gert hefur verið hingað til, jafnt á firði sem þegar hafa verið þveraðir og þá sem fyrirhugað er að þvera“.

Náttúrustofa Vesturlands birti greinargerð um málið í gær og



**STUND MILLI STRÍÐA** Það tekur á að vinna í síld, það eru gömul og ný sannindi. Þá er ekki úr vegi að bregða á leik og láta líða úr sér í leiðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þar kemur fram að flest bendi til að lítið sé af dauðri síld á botni fjarðarins eftir seinna atvikið, bráðabirgðarannsókn Hafrannsóknastofnunar bendi til þess. Þar er sjónum einnig beint að þverun fjarðarins og segir að „mynni Kolgrafafjarðar var þegar fremur þröngt áður en hann var þveraður en ekki er hægt að útiloka að breyttir straumar eða aðrar breytingar á aðstæðum eftir gerð vegfyllingar og brúar hafi aukið líkurnar á viðburðum af þessu tagi. Þátt framkvæmdanna í þessum viðburðum nú þarf að rannsaka eins og kostur er.“ svavar@frettabladid.is



**EINA Í EINU** Krakkarnir voru vel gallaðir og húsfreyjan á bænum Eiði sá þeim fyrir hressingu þegar upplit gafst; heitt súkkulaði og heimabakaða snúða sem bornir voru fram í síldarbingnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sjálfböðaliðar óskast sem vilja losna undan fíkn, sársauka, migreni, astma, sóriasis eða þunglyndi

Dr. Edwin Yager, frægur bandarískur brautryðjandi í sálfræði og dáleiðslu, heldur námskeið í Reykjavík fyrir heilbrigðisstéttir og dáleiðslutækna í febrúar í aðferð sem hann kallar Subliminal Therapy. Dr. Yager er prófessor í sálfræði við háskóla í Kaliforníu og hefur þróað þessa aðferð í um 40 ár. Heimasiða námskeiðsins er <http://subliminaltherapy.co.uk>

Meðal annars kennir hann sérstaklega notkun meðferðar sinnar við þunglyndi, fíkn, astma, sóriasis, migreni og sársauka. Hann þarf 2 – 3 sjálfböðaliða sem þjást af hverjum þessara sjúkdóma. Námskeiðið verður tekið uppá myndband sem verður síðar notað sem kennslugagn

Sjálfböðaliðar sem skilja vel ensku þurfa að geta komið og verið til taks u.þ.b. hálfan dag 23., 24. og/eða 25. febrúar. Skráning sjálfböðaliða er á <http://daleidsla.is/yager>

**Dáleiðsluskóli Íslands**

<http://daleidsla.is/skolinn> [daleidsluskoli.islands@daleidsla.is](mailto:daleidsluskoli.islands@daleidsla.is)

### → Tíndu 25 tonn

Um fjörutíu krakkar úr 5.-10 bekk Grunnskóla Grundarfjarðar, ásamt tíu fullorðnum, komu saman til að tína síld í Kolgrafafirði í gærmorgun. Um hádegi hafði hópurinn náð að tína um 25 tonn af síld sem fara til fyrirtækisins Skinnfisks í Sandgerði.

Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri á Grundarfirði, segir að þetta átak eigi sér ekki hliðstæðu. „Hins vegar minnst sumir á þá daga þegar krakkar voru send úr skóla í fiskverkun hér á árum áður til að bjarga verðmætum. Í þessu tilviki var hins vegar frjálst mæting en tilefnið því miður dapurlegt. Það má segja að átakið hafi verið ákveðið og skipulagt á örfáum mínútum. Krakkarnir stóðu sig mjög vel og sýndu gott forðæmi,“ segir bæjarstjórnin.



**HANDAGANGUR** Fjörutíu krakkar og tíu fullorðnir unnu hörðum höndum í Kolgrafafirði í gær. Miklum verðmætum var bjargað, en ágiskun manna á staðnum var að 20 tonnum hefði verið komið úr fjörunni. Kílóverðið sem krakkarnir fá er átta krónur og því gætu sjóðir þeirra bólgnað um 160 þúsund krónur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# 10 TONN

AF GLÆNÝJU FISKFARSI VERÐA SELD Í DAG.  
Síðast settum við Íslandsmet og seldum 6,7 tonn.  
Núna ætlum við að bæta Íslandsmetið.

# Glænýtt fiskfars

# 399

Kr.kg.

**Síðast seldist fiskfarsið upp!!**

**Við bjóðum þetta verð bara einu sinni á ári**

Þetta er 20 ára gömul uppskrift, leyniuppskrift. Allir sem kaupa 5 kg fá gefins glænýtt rúgbrauð frá HP Selfossi. ath 5 kg kosta aðeins 1.995 kr og duga fyrir 25 manns í matinn. Sem gerir 80 kr á máltíðina. Það gerist varla ódýrara!!

**FRÍTT RÚGBRAUÐ!**  
FRÁ HP SELFOSSI  
EF KEYPT ERU 5 KG



**Tilboðið gildir  
aðeins í dag.**

**ATH. Bolludagurinn er  
næstkomandi mánudag.**

**Verið tímanlega og útbúið góðar fiskibollur.**

Hrikalega gott og hollt. Gott er að búa til fiskibollur og steikja á pönnu. Fiskibollurnar má svo frysta. Þegar fiskibollurnar eru matreiddar þá er fínt að setja þær frosnar inní ofn á 200 gráður í 20 mínútur. Í fiskfarsinu eru engin egg né mjólk. 100% nýr og góður fiskur er notaður í fiskfarsið, enda getur Fiskikóngurinn ekki státað af öðru nema góðu hráefni.

**Opnum  
klukkan 7.00**

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • Fiskikóngurinn**

## Fékk vernd frá eiginmanni: Skilnaður í Kína tímamót

**KÍNA** Dómstóll í Peking hefur veitt bandarískri konu skilnað á grundvelli heimilisofbeldis og skipað fyrir um að konan fái þriggja mánaða vernd gegn manninum. Málið hefur vakið mikla athygli, enda í fyrsta skipti sem konu er veitt þessi vernd í borginni.

Konan, Kim Lee, greindi opinberlega frá ofbeldinu sem hún varð fyrir af hendi eiginmanns síns, Li Yang. Li er þekktur milljarðamæringur í Kína.

Litið er á dóminn sem jafnréttissigur, þar sem skilnaður er enn sjaldan veittur vegna heimilisofbeldis í Kína.

## Innanríkisráðherra í Kína: Efla tengsl fyrir ættleiðingarnar

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra er nú staddur í Kína til að sinna hinum ýmsu málefnum. Meðal annars ætlar ráðherrann ásamt liði sínu að eiga fundi með kínverskum ættleiðingarfélögum til að efla tengsl og samskipti milli landanna.

Kristinn Ingvásson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar, fagnar ferð Ögmundar og segir afar mikilvægt að styrkja samstarfið milli landanna. „Það er nauðsynlegt að eiga gott samstarf við upprunalöndin og partur af því sem við vorum að kvarta yfir í fyrra að við hefðum ekki möguleika á. Svo þetta er alveg frábært,“ segir hann.

# Brot gegn börnum hafa kallað á hömlulaus viðbrögð

Lögregla verður vör við að fólk reyni að taka lögin í sínar hendur. Félagsfræðingur rekur ástandið aftur til samfélagsbreytinga frá því fyrir hrun. Nauðsynlegt sé þó að beisla reiðina og treysta á að kerfið virki.

**DÓMSMÁL** Almennir borgarar hafa í auknum mæli freistað þess að taka lögin í sínar hendur síðustu misseri, að mati lögreglu, og jafnvel beitt ofbeldi til að rétta sinn hlut eða annarra sem þeim finnst hafa verið brotið á. Þetta eigi þó aðeins við um kynferðisafbrotamál. Fræðimaður segir þróun til aukins hömluleysis í þessum málum mega rekja aftur til áraanna fyrir hrun.

„Við erum með tvö nýleg tilfelli sem tengjast kynferðisafbrotamálum, annars vegar á Skagaströnd og hins vegar á Eyrarbakka, en svo kom líka upp svipað mál í okkar umdæmi á Þórs höfn í fyrra. Þetta veldur okkur áhyggjum og að okkar mati er þetta ótækt. Þó svo að einstaklingar hafi talið á sér brotið eða telji að þeir hafi verið beittir misrétti er þetta ekki lausn,“ segir Gunnar Jóhannsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á Akureyri, í samtali við Fréttablaðið.

Gunnar bætir því við að almenningur verði að átta sig á því að til séu réttar leiðir til úrlausnar, meðal annars í gegnum dómskerfið. Hefndaraðgerðir séu aldrei til bóta og geti haft viðtækar og slæmar afleiðingar auk þess sem sumir sem grípa til slíks koma til með að dauðsjá eftir öllu.

## Sex nýleg dæmi um hömluleysi?

Allnokkur tilfelli hafa komið upp á síðustu misserum þar sem ofbeldisverk tengjast kynferðisbrotamálum auk þess sem nafngreint fólk hefur verið sakað opinberlega um kynferðisbrot.

- **11. febrúar 2012 – Þórshöfn** Ungur maður gengur í skrokk á eldri manni. Segist vera að hefna fyrir kynferðisbrot mannsins gagnvart sér.
- **12. janúar 2013 – Stokkseyri** Skemmdir unnar á íbúð manns sem er í haldi lögreglu, grunaður um kynferðisbrot gegn þremur ungum börnum.
- **Janúar 2013 – Kópavogur** Íbúi í Kópavogi dreifir blaði með mynd og nafni nágranna síns, þar sem hann er sakaður um kynferðisbrot gegn stúlku mörgum áratugum áður.
- **2. febrúar 2013 – Eyrarbakki** Skotið af byssu inn um glugga hjá konu sem sakaði áður fyrrverandi stjúpfaður sinn um kynferðisbrot gegn sér.
- **3. febrúar 2013 – Skagaströnd** Ungur maður misþyrmir afa sínum við annan mann. Afinn hefur verið kærður fyrir brot gegn öðru barnabarni.
- **2013** Stofnaðar hafa verið síður á Facebook þar sem birtar eru myndir af mönnum sem sakaðir eru um kynferðisbrot gegn börnum. Í athugasemdum er talað um að vinna mönnum mein á ýmsan hátt.

„Við hvetjum fólk til að halda ró sinni og forðast það að taka geræðislegar ákvarðanir sem verða til þess að maður gerir eitthvað sem erfitt er að taka aftur síðar.“

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, rekur aukningu í þessum málum til tveggja meginþátta. Annars vegar er það fráhrarf frá þöggun um kynferðisafbrot og hins vegar aukið hömluleysi í viðbrögðum

fólks, sem hann tengir breytingum og uppgjöri í samfélaginu sem reka má til aðdraganda hrunsins.

„Þessi umræða um kynferðisbrot gegn börnum undanfarið hefur losað um eitthvað í þjóðarsálinni og viðbrögðin hafa oft verið hömlulaus. Þar er fólk að fara fram úr sér og gerir einungis illt verra með því að svara harmleik með öðrum harmleik og það er dapurlegt að horfa upp á.“



**REIÐINA SKYLDI HEMJA** Lögreglan hefur orðið vör við aukna tíðni þess að fólk taki lögin í sínar hendur í kynferðisafbrotamálum. Fræðimaður segir hömluleysi ríkja en það að svara harmleik með öðrum harmleik gerir málin enn verri. Myndin er sviðsett.

Helgi segir að í slíkum tilfellum sé nauðsynlegt að beisla reiðina og beina henni inn í eðlilegan farveg.

„Ef við leyfum reiðinni að ná stjórninni getur það haft ófyrirséðar afleiðingar. Kerfið er kannski illa búið eins og er en þá verðum við, sem samfélag, að taka á því. Samfélaginu verður að vera ljóst að kerfið megni að sjá um þessi mál.“

thorgils@frettabladid.is

www.volkswagen.is



## Lækkaðu eldsneytiskostnaðinn um allt að 46%

EcoFuel-tæknin nýtir bensín og metangas og sparar þannig allt að 46% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Þeir sem kaupa verksmiðjuframleiddan Volkswagen Passat metanbíl í febrúar fá frítt metangas í eitt ár\*. Að auki fá eigendur Passat EcoFuel frítt í stæði í Reykjavík ásamt því að njóta hagstæðari kjara á lánum hjá fjármögnunarfyrirtækjum.

Passat Variant kostar aðeins frá

**4.690.000 kr.**

Passat Variant EcoFuel Comfortline Plus, 150 hestafla, beinskiptur.

\*Samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu var meðalakstur fólksbíla 12.255 km árið 2011. Miðað við 6,6 m<sup>3</sup> meðaleyðslu Passat EcoFuel er árlegur eldsneytiskostnaður því 120.000 kr. miðað við verð á metani 31. janúar 2013.

Eldsneytiskostnaður  
Volkswagen Passat  
á hverja 1.000 km\*\*

Metan 9.843 kr.  
Dísil 13.801 kr.  
Bensín 18.242 kr.

\*\*Miðast við eldsneytisverð eins og skráð er hjá Olís og Metan 31. janúar 2013.



Das Auto.



## Er eitthvað ósýnilegt á þínum vinnustað?



JAFNLAUNAVOTTUN VR



Óútskýrður launamunur kynjanna innan VR er nú 9,4%. Með Jafnlaunavottun VR geta framsækin fyrirtæki látið gera faglega úttekt á því hvort innan veggja þeirra séu greidd mishá laun fyrir jafnverðmæt störf.

**Leiðréttum launamun kynjanna.**

[jafnlaunavottun.vr.is](http://jafnlaunavottun.vr.is)



JAFNLAUNAVOTTUN KYNNT VR hefur sagt launamun kynjanna stríð á hendur með nýrri aðferðafræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný leið til að uppræta kynbundinn launamun:

## VR kynnir nýtt vopn í jafnréttisbaráttunni

**VINNUMARKAÐUR** VR hefur þróað svokallaða Jafnlaunavottun, sem ætluð er fyrirtækjum og stofnunum, þar sem launagreiðendum gefst tækifæri til að sýna svart á hvítu að launastefna þeirra og mannauðsstjórnun mismuni ekki körlum og konum.

VR hefur unnið að þróun Jafnlaunavottunarinnar í tæp tvö ár og byggir vottunin á nýjum jafnlaunastaðli sem Staðlaráð Íslands gaf út á síðasta ári. Forsendur þess að fyrirtæki eða stofnanir innleiði staðalinn eru meðal annars að fyrir liggi mótuð launastefna, að launaviðmið hafi verið ákveðin og að störf séu flokkuð samkvæmt kerfi Íslenskrar

starfagreiðingar, ÍSTARF 95. Samkvæmt niðurstöðum launakönnunar 2012 hafa konur í VR að meðaltali 14,9% lægri laun en karlar og þegar tekið hefur verið tillit til allra áhrifaþátta á launin er óútskýrður launamunur 9,4%.

„Þetta er óásættanlegt að okkar mati og hvorki félagsmenn VR né aðrir á vinnumarkaði geta beðið lengur eftir því að allir sitji við sama borð. Þessa baráttu verður að heyja bæði á vettvangi stéttarfélaganna og innan veggja fyrirtækjanna. Þess vegna hleypir félagið nú af stökkunum Jafnlaunavottun VR,“ segir Stefán Einar Stefánsson, formaður VR. -shá

# Handritum laumað burt í skjóli nætur

Aldraður bókasafnsvörður í Timbuktu hafði komið stærstum hluta dýrmætra fornrita í öruggt skjól þegar íslamistar kveiktu í bókasafni borgarinnar fyrir hálfum mánuði. Fáir vissu af þessu, ekki einu sinni flest starfsfólk safnsins.

**MALÍ, AP** „Þessi handrit eru sjálfsmynd okkar,“ segir Abdoulaye Cisse, umsjónarmaður bókasafnsins í Timbuktu sem herskáir íslamistar kveiktu í 23. janúar.

„Fólk heldur að saga okkar sé aðeins munnleg, ekki rituð. Það eru þessi handrit sem sanna að við áttum okkur ritaða sögu.“

Íslamistar höfðu ráðið ríkjum í borginni í tíu mánuði þegar franskir hermenn mætti til leiks og hrakti þá burt. Áður en þeir flúðu kveiktu þeir í bókasafninu en vissu ekki að einungis hluti handritanna var á staðnum.

Meðan þeir stjórnðu borginni framfylgdu þeir af hörku strangri bókstafstúlkun á íslömskum lögum, svipað því sem talibanar höfðu gert í Afganistan rúnum áratug fyrr. Þeir hreinsuðu burt öll ummerki um það sem þeir töldu vera hjáguðadýrkun eða hégóma, lögðu grafhýsi helgra manna í rúst, lokuðu hárgreiðslustofum og bönnuðu konum að mála sig í framan. Þá bönnuðu þeir alla tónlist, þótt Malí sé þekkt fyrir fjölskrúðuga tónlistarhefð.

Þegar þeir kveiktu í bókasafninu höfðu Cisse og nokkrir vitorðsmenn hans forðað megninu af handritunum í öruggt skjól. Fáir vissu hins vegar af þessu og



**DÝRMÆTT HANDRIT** Bókasafnsvörðurinn Abdoulaye Cisse vissi að flest handritin voru komin í öruggar hendur. NORDICPHOTOS/AFP

meira að segja starfsfólk bókasafnsins brast í grát þegar eyðileggingin blasti við.

Það var aldriður maður, Abba Alhadi, sem átti stærstan þátt í að koma handritunum undan. Hann var húsvörður í gamla bókasafninu, sem áður hýsti handritin. Íslamistarnir stóðu í þeirri trú að nýbúið væri að flytja allan bóka-kostinn yfir í nýja bókasafnið, sem þeir kveiktu svo í.

Þangað voru hins vegar aðeins komin um tvö þúsund handrit af alls 30 þúsund, sem voru í gamla safninu.

Alhadi hafði undanfarna mánuði

troðið dýrmætum handritum ofan í tóma hveiti- eða hrísgrjónapoka og laumast með þá að næturlagi á handvagni yfir í annan bæjarhluta þar sem hann kom þeim í hendur bílstjóra á flutningabílum eða vélhjólamaða. Þeir óku síðan með handritin yfir að árbökkum Nígerfljóts og þaðan voru þau flutt niður ána á litlum bátskænum til bæjarins Mopti, sem enn var í höndum stjórnarhersins. Loks voru þau flutt áfram til höfuðborgarinnar Bamako, þar sem þau voru vandlega geymd á öruggum stað á meðan nýja safnið brann. gudsteinn@frettabladid.is

# Við léttum þér lífið



Handföng



Gönguvagnar



Griptangir



Stólar með salernissetu

Fastus ehf. býður upp á heildarlausnir innan endurhæfingar, hjúkrunar og hjálpartækja. Í verslun Fastus að Síðumúla 16, 2. hæð er að finna gott úrval af heilbrigðisvörum. Sérhæft fagfólk á sviði endurhæfingar, hjúkrunar og hjálpartækja leggur metnað sinn í að finna lausnir og aðstoða við val á vörum fyrir einstaklinga og stofnanir.

Komdu og skoðaðu úrvalið - við tökum vel á móti þér og finnum réttu lausnina fyrir þig.

WWW.FASTUS.IS



FASTUS\_H\_030113



**Audi A8** W12 Quattro  
 Árgerð 2005, bensín  
 Ekinn 70.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð:  
**7.900.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR MEÐ ALLT AÐ 75% FJÁRMÖGNUN



**Audi A5 Sportb.** 2.0 Quattro  
 Árgerð 2011, bensín  
 Ekinn 8.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**8.990.000,-**



**Audi A4** 2.0 TDI  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**5.450.000,-**



**Audi A4 Avant** 2.0 TDI  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 37.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**5.490.000,-**



**Audi A4**  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**5.090.000,-**



**VW Passat Comfort** Eco-Fuel,  
 Árgerð 2011, bensín/metan  
 Ekinn 35.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**4.190.000,-**



**VW Passat Comfort**  
 Árgerð 2008, bensín  
 Ekinn 75.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**2.490.000,-**



**VW Polo** 1.4 Comfortl.  
 Árgerð 2012, bensín  
 Ekinn 22.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**2.700.000,-**



**VW Golf Trendline** TDI  
 Árgerð 2012, dísel  
 Ekinn 24.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**3.050.000,-**



**VW Tiguan Trend&Fun**  
 Árgerð 2012, dísel  
 Ekinn 27.000 km, beinskiptur  
 Ásett verð:  
**4.950.000,-**



**MM Pajero** 3,8 Instyle  
 Árgerð 2010, bensín  
 Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**6.950.000,-**



**MM Pajero Instyle** 3,2  
 Árgerð 2007, dísel  
 Ekinn 86.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**5.200.000,-**



**Toyota Land Cruiser** 150 GX  
 Árgerð 2011, dísel  
 Ekinn 39.000 km, sjálfskiptur  
 Ásett verð:  
**9.290.000,-**

**Kíkið inná:**  
[heklanotadirlilar.is](http://heklanotadirlilar.is)  
[lykill.is](http://lykill.is)

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**  
 Laugavegi 174 | Sími 590 5040  
 Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16



**NOTAÐIR  
 BÍLAR**

Mikilvæg skilaboð til æskunnar:

## Fræðslan er sterkasta vopnið

**K**ynferðisofbeldi er fyrirferðarmikið í umræðunni um þessar mundir, ekki síst kynferðisnið á börnum. Frá áramótum hefur til dæmis vart liðið dagur án þess að mál tengd barnaniði hafi verið í fréttum. Það er skylda fullorðinna að vernda börn gegn alls kyns ofbeldi. Liður í því er að fræða þau um rétt sinn til að setja mörk. Börn eiga að vita að þau eiga aldrei að þurfa að misbjóða sjálfum sér og eiga ekki að láta neinn, hvorki fullorðna né önnur börn, gera eitthvað við sig sem þeim ekki hugnast.



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Beittasta vopnið í hverri baráttu er þekking, skilningur og hæfileikinn til að greina og meta. Það á líka við um baráttuna gegn kynferðisofbeldi.

Á þau mið er róid í stuttmynd

þeirra Brynhildar Björnsdóttur, Páls Óskars Hjálmtýssonar og Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, Fáðu já, sem frumsýnd var í vikunni sem leið. Myndin er reyndar ekki ætluð ungum börnum heldur unglingum.

Sem betur fer hefur mikill minnihluti unglinganna sem nú á þess kost að sjá myndina Fáðu já orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Hvert einasta þeirra gæti hins vegar átt eftir að verða annaðhvort þolandi eða gerandi í slíku máli. Myndin og sá boðskapur sem hún flytur er þó verulega til þess fallin að draga úr líkunum á því.

Í myndinni er sérstök áhersla lögð á að kynlíf er og verður alltaf samkomulag milli þeirra sem það iðka saman, samkomulag sem má rjúfa hvenær sem er í ferlinu. Enginn á nokkurn tíma að misbjóða sér í kynlífi eða finnast hann nauðbeygður til að gera það vegna þess að hann hafi lagt hlutina þannig upp. Þögn er aldrei það sama og samþykki og kynmök án samþykkis eru ekki kynlíf heldur nauðgun. Þá er lögð áhersla á að þótt kynlíf sé vissulega einkamál er hreinskiptin umræða milli rekkjunauta afar mikilvæg.

Í myndinni er áhorfendum leitt fyrir sjónir að sú mynd af kynlífi sem dregin er upp í afþreyingariðnaðinum, hvort heldur þorra bíómynda, tónlistarmyndbanda eða þá í klámmyndunum, er ekki raunsönn á nokkurn hátt, eða eins og segir í myndinni: Klám á jafnmikið skylt við raunveruleikann og Andrés önd við alvöru önd.

Fáðu já flytur ungu fólki geysilega mikilvæg skilaboð um kynlíf. Fjallað er um það tæpitungulaust sem þann viðkvæma, nokkuð leyndardómsfulla en í senn hversdagslega gjörning sem kynlíf er.

Unglingar hugsa um kynlíf og eru þess vegna móttækilegir fyrir fræðslunni. Það er mikilvægt að nýta það. Fræðsla sem snýr að litlum börnum er viðkvæmari. Engu að síður hefur verið gefið út slíkt efni, til dæmis kverið Þetta eru mínir einkastaðir, en markmið þess er að upplýsa börn um heilbrigð samskipti, góða og vonða snertingu og kenna þeim að enginn snertir einkastaðina þeirra. Fræðslan er og verður nauðsynlegur liður í að vernda börn gegn ofbeldi á sama hátt og unglinga og fullorðið fólk.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Sturlungaöld

Sturla Böðvarsson, fyrrum forseti Alþingis, gefur stjórnartíð Jóhönnu Sigurðardóttur ekki háa einkunn. Hann segir hana hafa einkennst af heift og hatri og ýmislegt í fari leiðtoga ríkisstjórnarinnar hafi vakið óhug. Sturla vitnar til nafna síns Þórðarsonar, sem í skáldsögu Einars Kárasonar, Skáld, fárast yfir þeim sem heldur vilja berjast en sættast og Sturla, það er að segja Böðvarsson, telur slíkan ljóð á ráði núverandi ríkisstjórnar. Sjálfur var Sturla ráðherra í átta ár og sat í ríkisstjórn sem voru ekki endilega þekktastar fyrir að fara ætíð sáttaleið. Öttuðust í það minnsta ekki það að berjast. En, svo lengi lærir sem lifir, líka um eigin sáttavilja.

#### Fögnuði lítt fagnað

Annars eru þeir margir sem fagnað hafa kosningu Árna Páls Árnasonar sem formanns Samfylkingarinnar. Athygli vekur að fyrrverandi áhrifamenn í Sjálfstæðisflokknum eru þar framarlega í flokki. Óvíst er hvort Árne Páll fagnar þessum fögnuði.

#### Afdrifarík ræða


Mikill er máttur orðsins. Árne Páll hafði ekki verið formaður nema í rétt rúman sólarhring þegar menn kepptust hver um



annan þveran við að tala um breytta tíma í íslenskrri pólitík. Svo virðist sem Árne Páli hafi, með einni tíu blaðsíðna ræðu, tekist að umturna heilum stjórn málaflökki og gott ef ekki bara stjórn málaflökki almennt, í hugum margra. Ræðan var hin ágætasta en er ekki rétt að bíða eftir verkunum áður en dómur er upp kveðinn um algjörlaga nýja tíma? Man annars einhver eftir því hvað aðrir formenn sögðu í sínum fyrstu ræðum? Jóhanna? Ingibjörg Sólrún? Bjarni Benediktsson? Sigmundur Davíð? Líklega eru verk þeirra eftirminnilegri.

kolbeinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**TRAUSTUR DRYKKUR GETUR GERT KRAFTAVERK**

**HÁMARK**  
HOLLUR FÉLAGI

## Lög til verndar náttúru Íslands

### NÁTTÚRU-VERND



Svandís Svavarsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra

Í gær birtist grein eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur um frumvarp til náttúruverndarlaga. Hún segir að ýmsu beri að fagna í frumvarpinu en nefnir að í því séu glöppur sem þurfi að staldra við. Segir hún mikilvægt að hlusta eftir röddum þeirra sem kunnugastir eru málum. Það er rétt enda hefur fjöldi sérfræðinga verið kallaður til svo að skýr grunnur sé lagður að löggjöfni og markmiðum hennar.

Þá er rétt að samráð bæti stefnu-mótun stjórnvalda umtalsvert. Sú er raunin hér en undirbúningur að fram-lagningu frumvarpsins hófst haustið 2009. Hafist var við gerð yfirgripsmikillar Hvítbókar sem var megingrundvöllur umræðu á umhverfisþingi 2011. Þar áttu fjölmargir hagsmunaaðilar aðkomu og komu sjónarmiðum sínum á framfæri. Að auki fylgdi Hvítbókinni víðtækt samráð, fundahöld um land allt og umsagnarferli á ólíkum stigum, áður en að eiginlegri frumvarpsmið kom. Að baki er því mikil og vönduð vinna og meira samráð en tíðkast við gerð frumvarpa.

Það hefur valdið vonbrigðum að ýmsir hafa fjallað um frumvarpið með því að halda fram rangfærslum og upphrópunum. Sem betur fer gildir þó að þar fer

→ Það hefur valdið vonbrigðum að ýmsir hafa fjallað um frumvarpið með því að halda fram rangfærslum og upphrópunum.

yfirleitt fólk sem ann náttúrunni og skilur að um hana verða að gilda skýrar reglur svo ekki verði gengið á gæði hennar.

Í umræddri grein er víkið að hagsmunum hreyfihamlaðra, sem ekki geta ferðast um nema á vélknúnu ökutæki. Aðgengi fatlaðra að náttúrunni verður beinlínis aukið verði frumvarpið að lögum, þar sem gert er ráð fyrir að vegna sérstakra aðstæðna megi veita einstaklingum undanþágur frá banni við akstri utan vega. Þessu dæmi er því miður snúið á haus í grein Lailu.

Áhrif ferðamáta eru mismunandi og því gilda ólík sjónarmið eftir því hvernig ferðast er. Það gefur augaleið að ekki er hægt að aka um Þjórsárver eða önnur slík viðkvæm svæði þótt þar sé unnt að fara gandandi. Röksemdir um jafnræði eiga ekki alltaf við þegar ferðamátar eru bornir saman. Meginmarkmiðið með frumvarpinu er náttúruvernd. Því næst að fólk geti notið náttúrunnar – án þess að á hana sé gengið.

# Hvað er nauðgun?

Fimmtudaginn 31. janúar sl. féll dómur í Hæstarétti í máli nr. 521/2012. Þar er fjallað um líkamsárás, kynferðisbrot, rán o.fl. Í ákæru er kynferðisbrotinu lýst svo, að ákærði X hafi stungið fingrum upp í endaparm þolanda og leggöng og klemmt á milli og er það talið varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga (hgl.) um nauðgun.

## DÓMSMÁL



Ragnheiður Bragadóttir  
prófessor við laga-deild HI

Í niðurstöðu héraðsdóms er talið að með þessari háttsemi hafi ákærði X, og tvö meðákærðu sem með honum voru, brotið gegn kynfrelsi þolanda. Um hafi verið að ræða verkskipta aðild þeirra að brotinu og voru þau sakfelld fyrir nauðgun.

Í dómi meirihluta Hæstaréttar segir hins vegar um kynferðisbrotið: „Fram er komið að þessi háttsemi þeirra hafi þann tilgang að meiða brotþola og þegar litið er til atvika málsins telst hún ekki til samræðis eða annarra kynferðismaka í skilningi 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Á hinn bóginn var hér um að ræða afar illyrmislega líkamsárás sem fellur undir 2. mgr. 218. gr. laganna, bæði þegar litið er til aðferðar og afleiðinga árássarinnar.“

## Sératkvæði

Einn hæstaréttardómari skilaði sératkvæði í málinu og var á annarri skoðun varðandi hið meinta kynferðisbrot. Í sératkvæðinu segir: „Með lögum nr. 40/1992 var ákvæði 194. gr. rýmkað verulega, meðal annars á þann veg að undir það féllu svokölluð önnur

kynferðismök. Í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 40/1992 sagði meðal annars að hugtakið „önnur kynferðismök“ yrði lagt að jöfnu við samræði og bæri að skýra fremur þröngt þannig að átt væri við kynferðislega misnotkun á líkama annarrar manneskju, er kæmi í stað hefðbundins samræðis eða hefði gildi sem slíkt

(surrogat). Væru þetta athafnir sem veittu eða væru almennt til þess fallnar að veita hinum brotlega kynferðislega fullnægju. Um hugtakið „önnur kynferðismök“ sagði síðan í athugasemdum við frumvarp sem varð að lögum nr. 61/2007 að undir það teldist meðal annars falla sú háttsemi að setja fingur eða hluti í leggöng eða endaparm. Þetta hefur verið staðfest meðal annars með dómum Hæstaréttar 10. júní 2010 í máli nr. 421/2009, 16. febrúar 2012 í máli nr. 624/2011 og 16. maí 2012 í máli nr. 572/2011.“ Síðan segir að með verknaði sínum hafi ákærði X beitt brotþola grófu kynferðislegu ofbeldi og brotið freklega gegn kynfrelsi hans. Háttsemin hafi verið af kynferðislegum toga og afar niðurlægjandi fyrir brotþola. Skipti ekki máli „hvort tilgangur ákærða hafi verið einhver annar en að veita sér kynferðislega fullnægju, enda nægir að verknaður sé almennt til þess fallinn. Því varði brot ákærða X við 1. mgr. 194. gr. hgl. en hin tvö ákærðu hafi verið hlutdeildarmenn í því broti“. Þessi rökstuðningur minnihlutans er ákaflega skýr og hefðu allir dómarnir

átt að geta verið sammála um hann. Því miður reyndist svo ekki vera og því tel ég rétt að bæta hér aðeins við.

Í raun þarf að skera úr um hvaða háttsemi fellur hlutrænt séð undir hugtakið önnur kynferðismök og hvort hvatir gerandans til háttseminnar skipti máli.

Með lögum nr. 40/1992 var svonefndum „öðrum kynferðismökum“ bætt við nauðgunar-ákvæðið og þau lögð að jöfnu við samræði. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að í hugtakinu önnur kynferðismök felist kynferðisleg misnotkun á líkama annarrar manneskju sem komi í stað hefðbundins samræðis eða hafi gildi sem slíkt. Þetta séu athafnir sem veiti geranda kynferðislega fullnægju eða séu almennt til þess fallnar. Með lögum nr. 61/2007 var kynferðisbrotakafllinn endurskoðaður að nýju. Við þá endurskoðun var norræn löggjöf höfð til hliðsjónar, ekki síst nýlegar breytingar á kynferðisbrotaköflum norsku og sænsku hegningarlaga. Fræðimenn, bæði á Íslandi og í hinum norrænu ríkjum, hafa fjallað um það hvað felist í hugtakinu önnur kynferðismök. Um þetta hugtak gildir, eins og margt annað í refsiréttinum, að það verður ekki skilgreint nákvæmlega heldur byggist það á mati hverju sinni. Enginn vafi er þó á því að þar undir falla m.a. athafnir sem beinast að kynfærum, eins og það að setja fingur í leggöng eða endaparm þolanda. Þessi tilteknu dæmi eru meira að segja sérstaklega tilgreind í greinargerð með lögum frá 2007, eins og fram kemur í álitum minni-

hlutans, svo hvernig getur þetta verið skýrara?

## Hvöt og refsinaemi

Hvötin að verknaðinum, þ.e. hvað ákærða hefur gengið til verksins, skiptir almennt ekki máli varðandi refsinaemi verknaðar. Hvatir hafa fyrst og fremst gildi varðandi ákvörðun refsingar. Það skiptir því ekki máli hvort brotið er framíð af kynferðishvöt eða einhverri annarri hvöt. Og hvers vegna ætti refsinaemi háttseminnar að vera háð svo óljósu atriði? Þegar í greinargerð er talað um athafnir sem veita geranda kynferðislega fullnægju eða eru almennt til þess fallnar, er verið að afmarka athafnirnar hlutrænt séð. Þar er átt við athafnir sem eru þess eðlis að þær geti sem slíkar veitt kynferðislega fullnægju en það er ekki skilyrði að þær hafi gert það. Því er nefnd í dæmaskyni, í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 61/2007, sú háttsemi að setja fingur í leggöng eða endaparm. Spark í pung hefur t.d. ekki verið talið kynlífsathöfn og því fellur slík háttsemi að sjálfsgöðu ekki undir þessa skilgreiningu. Sama túlkun er notuð í norskum rétti, en eins og áður sagði var kynferðisbrotakafli norsku hegningarlaga m.a. hafður til hliðsjónar við samningu núgildandi kynferðisbrotakafli íslensku hegningarlaga. Í dómi Hæstaréttar Noregs frá 28. júní 2012 var eitt aðalálitaefnið hvort í hugtakinu samræði og önnur kynferðismök fælist krafa um „seksuell motivasjon“. Til umfjöllunar var sú háttsemi ákærða að stinga einum eða fleiri fingrum í leggöng þolanda til að leita að einhverju

→ Þessi rökstuðningur minnihlutans er ákaflega skýr og hefðu allir dómarnir átt að geta verið sammála um hann. Því miður reyndist svo ekki vera og því tel ég rétt að bæta hér aðeins við.

sem hann taldi að hún hefði tekið frá honum ófrjálstri hendi. Því var alveg ljóst að það voru ekki kynferðislegar hvatir að baki verknaðinum. Engu að síður var sakfelld fyrir kynferðisbrot. Einnig kemur það fram í álitum norska dómsmálaráðuneytisins, Ot.prp. nr. 28 (1999-2000), að „kynferðisleg“ hvöt sé ekki skilyrði til verknaðarins.

Á undanförunum árum hefur vitneskja um kynferðisbrot, einkenni þeirra og afleiðingar aukist mikið. Með lögum frá 2007 er leitast við að tryggja, svo sem framast er unnt með löggjöf, að persónulegt frelsi og friðhelgi, þ.e. sjálfsákvörðunarréttur, athafnafrelsi og kynfrelsi, hvers einstaklings sé virt. Áherslan er lögð á einstaklinginn sem fyrir brotinu verður og vernd hans gegn kynferðislegu ofbeldi. Grundvallarmarkmið 194. gr. hgl. um nauðgun er að vernda kynfrelsi fólks og í því sambandi skiptir engu máli fyrir þolanda hvort gerandi sækist eftir kynferðislegri fullnægju eður ei. Því er ekki annað hægt en að líta á dóm meirihluta Hæstaréttar sem alvarleg mistök sem ekki geta haft fordæmisgildi.

Höfundur samdi frumvarp það sem varð að lögum nr. 61/2007 um breytingar á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga.



**HYUNDAI** | NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.



ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

# ÞÝR HYUNDAI i20 DÍSil

Eyðsla aðeins 3,8 l/100 km  
miðað við blandaðan akstur



VERÐ: 2.790.000 kr.  
Co<sub>2</sub> aðeins 99 g/km - Frítt í bílastæðin í miðborginni

## UPPLIFÐU ÞÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

Nýr Hyundai i20 með 1,1l dísilvél er einn sparneytnasti millistærðarbíll sem völ er á.

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir 5 ára ábyrgð og ótakmarkaður akstur auk árlegra öryggis- og viðhaldsskoðana sem eru viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við bjóðum ykkur velkomin í hóp ánægðra Hyundai eigenda.

Hyundai í Kaupúni 1 er opið frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.



Kaupúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200

www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

## MERKISATBURÐIR

- 1643** Hollenski landkönnuðurinn Abel Tasman uppgötvar Fidjéyjar.
- 1658** Sænski herinn, undir stjórn Karls X., ræðst inn í Danmörku með því að fara yfir Eyraarsund á Ís.
- 1788** Massachusetts verður sjötta fylkið til að staðfesta stjórnarskrá Bandaríkjanna.
- 1826** Bruni á Möðruvöllum í Hörgárdal. Auk þriggja húsa brennur mikið af skjólum í eldinum.
- 1936** Vetrarólympíuleikarnir 1936 hefjast í Garmisch-Partenkirchen í Þýskalandi.
- 1958** Bobby Charlton er einn af þeim sem komast lífs af eftir flugslys í Þýskalandi. Átta liðsfélagar hans í Manchester United létu lífið.
- 1968** Vetrarólympíuleikarnir 1968 hefjast í Grenoble í Frakklandi.
- 1987** Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er stofnaður.
- 1988** Alfred Jolson er vígður biskup kaþólskra á Íslandi.
- 1999** Vinstrihreyfingin–grænt framboð er stofnuð.
- 2010** Ísafold–Félag ungs fólks gegn ESB aðild er stofnað.



Faðir minn, afi, bróðir og mágur,  
**HARALDUR AXEL GUÐBERGSSON**  
lést á hjúkunarheimilinu Eir 30. janúar.  
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni við Tjörnina  
föstudaginn 8. febrúar kl. 15.00.



**Steinn Haraldsson**  
**Jón Stefánsson**  
barnabörn.

**Guðfinna Guðlaugsdóttir**



Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og systir,  
**ÁSLAUG S. GUÐJÓNSD. SVEINSSON**  
lést í Kaupmannahöfn 26. janúar 2013.  
Jarðarförin hefur farið fram.



**Susanne M Nielsen**  
**Hanne K Petersen**  
**Parthe Þ Sveinsson** og barnabörn.  
**Anna F. Guðjónsdóttir**  
**Július H Guðjónsson**  
**Allan Nielsen**  
**Daniel Petersen**



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,  
**HALLDÓR JÓHANNESSON**  
frá Sandá í Svarfaðardal,  
lést að Dalbæ, Dalvík laugardaginn 2. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dalvíkirkirkju laugardaginn 9. febrúar klukkan 13.30.



**Steinunn Danielsdóttir**  
**Anna María Halldórsdóttir**  
**Haldór Jóhannesson**  
**Helga Magnea Jóhannsdóttir**  
**Jóhann Steinar Jóhannesson**  
og langafabörn.

**Jóhann Jóhannesson**  
**Erla Árnadóttir**  
**Sigurður Arnar Jónsson**  
**Íris Björk Gunnlaugsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,  
**LAUFEY JAKOBÍNA GUÐMUNDSDÓTTIR**  
frá Neðri Miðvík og Stakkadal í Aðalvík,  
lengst af til heimilis að  
Réttarholtsvegi 67,  
sem lést þriðjudaginn 29. janúar síðastliðinn verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.00.



**Halldóra J. Sölvadóttir**  
**Hermann T. Sölvason**  
**Margrét S. Sölvadóttir**  
**Axel H. Sölvason**  
**Magnús Óskarsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Marianne Person**  
**Björk Geirdal**  
**Barbara Paciejewska**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

# Dramatísk ævi Davíðs efniviður nýs leikrits

Leiklestur úr nýju leikriti um Davíð Stefánsson er meðal þess sem boðið verður upp á í Davíðshúsi í kvöld en þá gefst kostur á því að upplifa húsið á óvenjulegan máta.

Nýstárleg dagskrá verður á boðstólum í Davíðshúsi, heimili Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, í kvöld. Þar gefst bókmenntaunnendum kostur á að upplifa húsið á óvenjulegan hátt en ferðast verður um húsið með leikurum Leikfélags Akureyrar, lesin verða nokkur af helstu ljóðum skáldsins og leiklesin verða atriði úr nýju leikriti eftir Árna Kristjánsson, Sálin hans Davíðs, sem fjallar um Davíð Stefánsson og ferð hans að gullna hliðinu.

Það eru Minjasafn Akureyrar og Leikfélag Akureyrar sem standa að dagskránni en á döfinni er að efna einnig til dagskrár um Jón Sveinsson, Nonna, og Matthías Jochumsson en öll þessi skáld eiga sitt safnahús á Akureyri.

Árni Kristjánsson, höfundur leikritsins um Davíð, sat við skrifrit þegar Fréttablaðið sló á þrúðinn til hans. Hann hefur um nokkurt skeið unnið að leikriti um Davíð Stefánsson sem fyrr segir. „Mig langaði til þess að skrifa um persónuleika Davíðs Stefánssonar vegna þess hversu dramatísk ævi hans var, en sagan er með óvæntu sniði. Leikritið gerist eftir dauða skáldsins. Hann er staddur á óráðum stað eftir andlát sitt ásamt vinum sínum, Árna Kristjánssyni píanóleikara og Páli Ísólfssyni tónskáldi, og þarf að velja fyrir sér hvort hann eigi að stíga þau skref sem þarf til þess að komast inn fyrir gullna hliðið,“ segir Árni og útskýrir að skrefin sem skáldið þarf að stíga snúist um iðrun og uppgjör við fortíðina. „Líf Davíðs var dramatískt, hann var mjög frægur, hálfgerð rokkstjarna þess tíma, ljóðlestur hans þótti framúrskarandi og Davíð, sem var mjög myndarlegur, varð strax mjög vinsæll eftir útkomu sinnar fyrstu bókar, Svartar fjáðrir. Hann var síðan mikill drykkjumaður og sveiflaðist mjög í skapi,“ segir Árni og bætir við að verk hans lifi, ekki síst þau sem Páll samdi lög við, en samstarf Davíðs og Páls gerði leikrit Davíðs, Gullna hliðið, að einni vinsælustu leiksýningu Íslendinga.



**DAVÍÐ STEFÁNSSON**



**ÁRNI KRISTJÁNSSON** Vinnur að leikriti um eitt af þjóðskáldum Íslendinga, Davíð Stefánsson, en dagskrá honum helguð verður flutt í Davíðshúsi í kvöld. MYND/HEIDA

Fimm leikarar taka þátt í dagskrá kvöldsins í Davíðshúsi, þau Aðalbjörg Árnadóttir, Anna Gunnús Guðmundsdóttir, Einar Aðalsteinsson, Hannes Óli Ágústsson og Tryggvi Gunnarsson. Hannes Óli fer með hlutverk skáldsins, Tryggvi leikur Pál og Einar leikur Árna, sem er alnafni höfundarins en þó ekki forfaðir hans eins og blaðamaður freistast til að álykta. „Nei við erum ekkert skyldir, þetta er bara ótrúlega skemmtileg tilviljun. Hins vegar var afi minn, Kristján Jónsson, góður vinur Davíðs og gaf meðal annars út minningabókina Skáldið frá Fagraskógi,“ segir Árni sem að lokum hvetur sem flesta til að mæta í Davíðshús en dagskráin verður flutt klukkan átta og níu. [sigridur@frettabladid.is](mailto:sigridur@frettabladid.is)



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**PORKELL SIGURBJÖRNSSON**  
tónskáld,  
lést miðvikudaginn 30. janúar á líknardeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast Porkels er bent á orgelviðgerðasjóð Hallgrímskirkju.



**Barbara Sigurbjörnsson**  
**Sigurbjörn Porkelsson**  
**Mist Barbara Porkelsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabarn.

**Aðalheiður Magnúsdóttir**  
**Sigfús Nikulásson**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**STEINUNN UNNUR HÁKONARDÓTTIR (Lilla)**  
frá Flatey á Breiðafirði,  
síðast til heimilis að Eyjabakka 6, Rvk.,  
lést mánudaginn 4. febrúar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Jarðarförin auglýst síðar.



**Ingunn Karítas Indriðadóttir**  
**Guðný Vigdís Indriðadóttir**  
**Indriði Indriðason**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Jóhann Sæberg Helgason**  
**Anna Árdís Helgadóttir**



Ástkær móðir okkar,  
**UNNUR GUÐBJÖRG PORKELSDÓTTIR**  
hárgreiðslumeistari,  
Smáratúni 8, Álftanesi,  
lést á líknardeild Landspítalans þann 4. febrúar sl. Útförin fer fram frá Garðakirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.



**Margrét Þóra Gylfadóttir**  
**Kristín Edda Gylfadóttir**  
**Unnur Kristbjörg Gylfadóttir**  
**Freyja Gylfadóttir**  
**Porkell Snorri Gylfason**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**GYÐA ÓLAFSDÓTTIR**  
Lindagötu 57,  
lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram í Neskirku mánudaginn 11. febrúar nk. klukkan 13.00.



**Stefán Gunnar Stefánsson**  
**Ella Stefánsdóttir**  
barnabörn og fjölskyldur þeirra.

**Hafðís Hannesdóttir**



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar sambýliskonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,  
**GUÐLAUGAR MARTEINSDÓTTUR (LÓLÓ)**  
Löngumýri 22D, Garðabæ.



**Gísli Ferdinandsson**  
**Katrín Margrét Bragadóttir**  
**Eyjólfur Einar Bragason**  
**Stella Bragadóttir**  
**Pórir Valgarð Bragason**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Oddur Fjalldal**  
**Kristín Kristmundsdóttir**  
**Michael Whalley**  
**Hanna Rúna Harðardóttir**



Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,  
**HÓLMFRÍÐUR FRÍÐRIKSDÓTTIR**  
Sauðármýri 3,  
Sauðárkróki,  
lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki laugardaginn 2. febrúar. Útför hennar verður gerð frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 9. febrúar kl. 14.00. Við afþökkum vinsamlegast blóm og kransa, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki eða Lionsklúbbinn Björk.



**Jón Karl Karlsson**  
**Brynhildur Björg Jónsdóttir**  
**Fríðrik Jónsson**  
**Karl Jónsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Sigmundur Ámundason**  
**Guðný Jóhannesdóttir**

**M**  
**MICHELSÉN**  
 ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909  
 Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
 511 1900 - www.sviss.is

tudorwatch.com



TUDOR HERITAGE BLACK BAY

**TUDOR**  
 WATCH YOUR STYLE

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. febrúar 2013 | 3. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

**Svansmerkt  
 prentverk!**



**GUDJÓNÓ**  
 VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
 Sími 511 1234 • [www.gudjono.is](http://www.gudjono.is)



## GJALDEYRISHÖFT SKAPA GERVIVERÖLD

→ **Umfjöllun um áhrif gjald-  
 eyrishaftanna á alþjóðleg  
 fyrirtæki á Íslandi**

→ **Viðtöl við Jón Sigurðsson,  
 forstjóra Össurar, Hilmar  
 Veigar Pétursson, forstjóra  
 CCP, og Sigstein P. Grétars-  
 son, aðstoðarforstjóra Marel**

→ **Daglegur rekstur félaganna  
 í föstum skorðum en flest  
 annað erfiðleikum háð**

## Sigur Ravens bendir til lítillar ávöxtunar hlutabréfa á árinu

Einn stærsti íþrótta- og sjónvarpsviðburður ársins fór fram á sunnudagskvöld þegar leikurinn um Ofurskálina, úrslitaleikur NFL-deildarinnar, fór fram í New Orleans. Í leiknum mætast á hverju ári sigurvegarar þeirra tveggja deilda sem NFL skiptist í, AFC- og NFC-deildanna. Að þessu sinni voru það Baltimore Ravens og San Francisco 49ers sem mættust og varð Ravens hlutskarpara eftir kaflaskiptan leik. Við fyrstu sýn virðast þessi tíðindi ekki hafa mikið með fjármálamarkaði að gera. Það kann því að koma á óvart að mikil fylgni hefur sögulega verið til staðar milli úrslita Ofurskálarnar og ávöxtunar á bandaríska hlutabréfamarkaðnum. Á árum þegar lið úr NFC-deildinni hafa sigrað hefur markaðurinn nefnilega átt það til að hækka duglega en sigrum liða úr AFC-deildinni hafa yfirleitt fylgt vonbrigðaár á markaði. Þar sem sigurlíðið að þessu sinni er úr AFC-deildinni bendir þessi fylgni til þess að lítil gróðavon sé í bandarískum hlutabréfum á árinu. Það má þó taka fram að þessi þekkta fylgni er í tölfræðikennslubókum oft nefnd sem dæmi um svokallaða dellufylgni. - mbl

## Hagnaður Marel dróst saman á fjórða ársfjórðungi 2012

Marel hagnaðist um 7,1 milljón evra, jafngildi ríflega 1.220 milljóna króna, á fjórða ársfjórðungi 2012. Á sama fjórðungi 2011 nam hagnaður 15 milljónum evra. Marel birti í gær ársuppgjör sitt fyrir árið 2012.


Samanlagður hagnaður Marel á árinu 2012 var 35,6 milljónir evra, eða ríflega 6 milljarðar króna, og jókst lítillega milli ára. Tekjur ársins námu 714 milljónum evra og jukust um 6,8% milli ára.

Í tilkynningu er haft eftir Theo Hoen, forstjóra Marel, að 6,8% tekjuvöxtur sé afrek við krefjandi markaðsaðstæður. „Á síðasta ári var mikill vöxtur í fiskiðnaði hjá okkur og við sáum batamerki í kjötiðnaði á síðasta ársfjórðungi. Við höldum stöðu okkar sem markaðsleiðtogi í frekari vinnslu. Kjúklingamarkaðurinn er áfram meginstoðin í tekjuöflun Marel og afkoman þar er umfram væntingar,“ segir Hoen og bætir við að hann geri ráð fyrir hóflegum vexti á fyrri helmingi ársins 2013. - mbl

## Magnað tilboðsverð

á Dell tölvum

**Hagkvæm og áreiðanleg**  
 Dell Optiplex 3010 borðtölva  
 er vinnustöð fyrir hvaða  
 skrifstofu sem er.  
 Verð áður: 179.090 kr.  
**Verð nú: 109.990 kr.**



**Öflugur vinnuhestur á góðu verði**  
 Dell Latitude E5430 fartölva er  
 með styrkta umgjörð og hentar  
 því vel fólki á ferðinni.  
 Verð áður: 266.090 kr.  
**Verð nú: 169.990 kr.**



**Endingargóð fyrir kröfuharða**  
 Dell Latitude E6430 fartölva er  
 með styrkta umgjörð og hágæða  
 9 cellu rafhlöðu.  
 Verð áður: 319.990 kr.  
**Verð nú: 204.990 kr.**

Nánari upplýsingar má finna á [www.advania.is/tilbod](http://www.advania.is/tilbod), í síma 440 9010 eða í tölvupósti á [sala@advania.is](mailto:sala@advania.is)



## Fróðleiksmolinn


DataMarket

## Samleitnið evrusvæði?

Eftirfarandi myndir sýna samleitni nokkurra ríkja sem taka þátt í evrusamstarfinu. Myndirnar sýna tvo af fimm mælikvörðun Maastricht-sáttmálans sem aðildarríki ESB þurfa að uppfylla til að taka upp evru. Hin þriðju skilyrðin sem ekki eru myndgerð hér snúa að a) hámarkshalla á ríkissjóði (3% af fjárlögum), b) hámarksþjóðarskuld (sú mest 60% af vergri landsframleiðslu eða að hlutfallið fari lækkanði) og c) minnst tveggja ára þátttöku í svokölluðu ERM II samstarfi.


## Langtímavextir

Samkvæmt Maastricht-sáttmálanum mega vextir á 10 ára ríkisskuldabréfum ekki vera hærra en 2 prósent miðað við meðaltal í þeim þremur ríkjum ESB sem lágstu verðbólgu hafa. Eftirfarandi mynd sýnir 12 mánaða hlauðandi meðaltal á umræddra langtímavaxta í þremur ríkjum evrusvæðisins, Þýskalandi, Írlandi og Grikklandi, ásamt meðaltali evrusvæðisins alls.



## Verðbólga

Samkvæmt verðbólgu-skilyrðum Maastricht-sáttmálans má verðbólga ekki nema meiru en 1,5% af meðaltali þeirra þriggja ESB-ríkja sem hafa lágstu verðbólgu hafa. Eftirfarandi mynd sýnir 12-mánaða verðbólgu í Þýskalandi, Írlandi, Grikklandi og evrusvæðinu öllu.



## Dagatal viðskiptalífsins

keldan  
dagatal viðskiptalífsins

## Föstudagur 8. febrúar

- Efnahagslegar skammtimatölur í febrúar 2013
- Útboð ríkisbréfa
- Útmessan | Ráðstefna og sýning

## Þriðjudagur 12. febrúar

- Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
- Mannfjöldinn | 1. janúar 2013

## Miðvikudagur 13. febrúar

- Útboð Ríkisvísla

## Fimmtudagur 14. febrúar

- Fræðslufundur um Steve Jobs og Apple

## Föstudagur 15. febrúar

- Fiskaflí í janúar 2013

## Þriðjudagur 19. febrúar

- Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu
- Fæddir 2012

## Miðvikudagur 20. febrúar

- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis
- Vísitala byggingarkostnaðar | Fyrir mars 2013

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

## YFIRSTJÓRN LBI FENGIÐ 1,7 MILLJARÐA KRÓNA

Fram kom í sundurliðun um kostnað vegna slitastjórnar Glitnis að samantlagt námu greiðslur til Steinunnar Guðbjartsdóttir og Páls Eiríkssonar, að viðbættum greiðslum vegna útseldrar vinnu fulltrúa á þeirra vegum, 842 milljónum króna frá því að slitastjórnin var skipuð í maí 2009 og fram á mitt ár 2012. Ekki liggur fyrir hver launakostnaður hefur verið hjá slitastjórnunum hinna bankanna en taka má fram að starfsmönnum hjá stjórnunum er greitt sem verktökum.

Í fyrirspurn Markaðarins til Kaupþings og LBI var falast eftir sundurliðuðum upplýsingum um rekstrarkostnað slitastjórnanna. Í svari Kaupþings kom fram að ítarlega væri gerð grein fyrir rekstrarkostnaði á kröfuhafafundum auk þess sem finna mætti efni af slíkum fundum á vefsvæði slitastjórnarinnar. Í svari LBI var vísað á vefsíðu þrotabúsins. Þar kemur fram í fyrsta lagi að áætlaðar heimtur úr þrotabúinu hafi verið 1.496 milljarðar króna þann 30. júní síðastliðinn og aukist um 392 milljarða frá því í apríl 2009. Þá segir þar að heildarkostnaður við slitameðferðina jafngildi 6,8% af breytingunni sem orðið hafi á áætluðum heimtum. Nemur heildarkostnaður af slitameðferð LBI frá 2009 fram á mitt ár 2012 því 26,7 milljörðum. Þar af nam kostnaður við yfirstjórn LBI, það er slitastjórn og skilanevnd bankans meðan hún starfaði, 1,7 milljörðum króna á sama tímabili auk þess sem kostnaður við aðkeypta sérfræðipjónustu nam 13,3 milljörðum.

## Lífeyrissjóðir bara á eftir slitastjórn Glitnis

Lífeyrissjóðir í hópi kröfuhafa gömlu bankanna hafa ekki gert athugasemdir við launakostnað hjá slitastjórnnum Kaupþings og LBI. Fimm sjóðir telja að laun hafi verið ofgreidd hjá slitastjórn Glitnis.

## SLITASTJÓRN MÁL

Magnús Þorlákur Lúðvíksson  
magnusl@frettabladid.is

Kröfuhafar Kaupþings og LBI, gamla Landsbankans, hafa engar athugasemdir gert við launakostnað hjá slitastjórnnum bankanna. Gerð hefur verið ítarleg grein fyrir launakostnaði slitastjórnanna á kröfuhafafundum bankanna.

Þetta kemur fram í svörum fulltrúa þrotabúanna við fyrirspurn Markaðarins um málið. Fréttablaðið greindi frá því á laugardag að fimm lífeyrissjóðir í hópi kröfuhafa Glitnis teldu að Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson, sem sitja í slitastjórn bankans, hefðu oftekið sér ríflega 400 milljónir króna í laun fyrir störf sín og sinna fyrirtækja fyrir þrotabú bankans.

Hafa lífeyrissjóðirnir farið fram á það að Héraðsdómur Reykjavíkur sjái til þess að þrotabúin fái endurgreitt meintan oftekinn launakostnað. Í viðtali við Vísi á laugardag sagði Steinunn hins vegar að það væri alrangt hjá sjóðunum að launakostnaður hefði verið óeðlilega hár.

Þá sagði hún tímagjald hjá slitastjórninni mjög sambærilegt við tímagjald hjá öðrum slitastjórnnum landsins.



SLITASTJÓRN GLITNIS Fimm lífeyrissjóðir hafa farið fram á það við Héraðsdóm Reykjavíkur að Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson endurgreiði meintan ofgreiddan launakostnað. FRÉTTABLAÐID/GVA

Krafa sjóðanna var sett fram eftir að tveir þeirra, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi lífeyrissjóður, fengu sundurliðun á launakostnaði Glitnis afhenta í haust eftir nokkuð þóf. Kom þar fram að samantlagt námu greiðslur til Steinunnar og Páls, að viðbættum greiðslum vegna útseldrar vinnu fulltrúa

á þeirra vegum, 842 milljónum króna frá því að slitastjórnin var skipuð í maí 2009 og fram á mitt ár 2012.

Loks kom fram í svörum við fyrirspurn Markaðarins að samið hefði verið um langflestar kröfur lífeyrissjóða á hendur Kaupþingi og LBI án aðkomu dómstóla.

## ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímamytingu og ánægðara starfsfólki.

## Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á [www.icelandair.is/fyrirtaeki](http://www.icelandair.is/fyrirtaeki) eða sendið fyrirspurnir á [fyrirtaeki@icelandair.is](mailto:fyrirtaeki@icelandair.is)

ICELANDAIR



## SAGA CLASS

Úrvalspægindi, gott rými og fyrsta flokks þjónusta.





# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnið í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur viðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

Hrafnhildur Garðarsdóttir hefur áralanga reynslu í ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu, auk 20 ára reynslu í hótél- og veitingageiranum.

Hrafnhildur er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki

Greining Íslandsbanka fjallar um fjárfestingarleiðina í Morgunkorni sínu:

# Fjárfestingarleiðin ekki skilað tilætluðum árangri

Stór hluti þeirra fjármuna sem farið hafa í gegnum fjárfestingarleið Seðlabankans hefði líklega komið til Íslands án leiðarinnar. Þetta er mat greiningar Íslandsbanka.

„Það hefur verið töluverð umfjöllun um íslensk fyrirtæki og fjárfesta sem hafa komið með peninga í gegnum leiðina og þær fréttir hafa í mörgum tilfellum verið staðfestar. Á sama tíma er lítið um erlenda fjárfestingu þannig að það er torséð að hún ætti að geta verið að baki þessum tugum milljarða,“ segir Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur í greiningardeild Íslandsbanka, og bætir við að fjárfestingar-



JÓN BJARKI BENTSSON

leiðin hafi í það minnsta aðra ásynd yfir sér nú en þegar hún var kynnt en þá hafi hún verið látin hljóma eins og farvegur fyrir erlenda fjárfestingu.

Í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka frá því á mánudag segir að hugsanlegt sé að talsverður hluti þess fjár sem komið hefur til landsins í gegnum fjárfestingarleiðina hefði ella komið inn í gegnum innlenda gjaldeyrismarkað. Sé

sú raunin hafi gjaldeyrissútboð Seðlabankans dregið úr innflæði gjaldeyris á almennum markaði og þannig haft neikvæð áhrif á gengi krónunnar. Samandregið sé þó erfitt að sjá hvort þau áhrif vegi þyngra en áhrif vegna innflæðis fjármagns sem hefði ekki komið til Íslands án leiðarinnar.

Fjárfestingarleiðin var sett af stað snemma árs í fyrra en hún er skref í áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta. Í henni kaupir bankinn erlenda gjaldreyri í skiptum fyrir krónur til innlendra fjárfestingar. Alls fóru ríflega 45 milljarðar króna í gegnum leiðina á síðasta ári.

- mþl



SEÐLABANKINN Fjárfestingarleið Seðlabankans var sett af stað snemma árs í fyrra en alls fóru ríflega 45 milljarðar króna í gegnum leiðina á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SELT Öryggismiðstöðin hefur skipt um hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vís selur 78 prósentu hlut sinn: Öryggismiðstöðin seld

VÍS seldi í desember 78 prósentu hlut sinn í Öryggismiðstöðinni til sex stjórnenda félagsins og annarra fjárfesta.

Þetta staðfestir Hjörleifur Jakobsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Kjalars, í samtali við Fréttablaðið, en hann og kona hans, Hjördís Ásberg, keyptu hlut í félaginu í gegnum eignarhaldsfélag sitt.

Stjórnendurnir sex áttu fyrir 22 prósentu hlut. Eftir sölu eiga þeir stærstan hlut í félaginu, en þó litlu meira en Hjörleifur og Hjördís og þriðji fjárfestirinn, Guðmundur Ásgeirsson í Nesskipum. Þá á fjórði maðurinn einnig hlut í félaginu, Róbert Aron Róbertsson, viðskiptafélagi Hjörleifs.

Hjörleifur vill ekki tjá sig um kaupverðið. Hann segir viðskiptin hafa verið gerð að frumkvæði stjórnendahópsins. - sh

# Tafir orðið á tillögum um afnám stimpilgjalda

Starfshópur sem átti að skila tillögum um afnám stimpilgjalda mun ekki skila af sér fyrr en um mitt ár 2013. Nefnd um endurskoðun neytendaverndar á fjármálamarkaði fékk líka frest.

**BANKAR**  
Þórhur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Tafir hafa orðið á vinnu starfshóps sem ætlað var að skila fjármálaráðherra tillögu um breytingar á lögum um stimpilgjöld. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gaf íslenskum stjórnvöldum upphaflega frest fram í október 2012 til að skila tillögunum. Skilafresturinn var síðan framlengdur að síðustu áramótum. Nú er áformað að starfshópurinn skili tillögum til ráðherrans um mitt þetta ár. Þetta kemur fram í svari fjármála- og efnahagsráðuneytis við fyrirspurn Markaðarins um málið.

Þegar ESA tilkynnti ákvörðun sína um að samþykka þá ríkisaðstoð sem veitt var við endurskiptu- lagningu Landsbankans, Arion banka og Íslandsbanka fylgdu því samþykki ákveðin skilyrði. Þau sneru að því að stjórnvöld og bankarnir sjálfir þyrftu að grípa til fullnægjandi ráðstafana til að draga úr röskun á samkeppni vegna tilurðar þeirra.

Jafnframt skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að endurskoða lög um stimpilgjald með það fyrir augum að afnema slík gjöld á útgáfu skuldabréfa einstaklinga þegar skipt er um kröfuhafa. Tilgangurinn er að draga úr kostnaði við flutning viðskiptavina á milli lánardrottna og fjarlægja þannig samkeppnishindrun. Auk þess yrði afnám stimpilgjalda til kostnaðarlækkunar fyrir neytendur. Skila átti tillögum um þetta sem frumvarpsdrögum í október 2012, sem nú hefur frestast fram á mitt þetta ár.

Samkvæmt skilyrðum ESA áttu íslensk stjórnvöld einnig að skipa nefnd til að endurskoða neytendavernd á íslenskum fjármálamarkaði, með sérstaka áherslu á að auðvelda neytendum að skipta um viðskiptabanka. Nefndin var skipuð í lok október 2012 og átti að ljúka störfum eigi síðar en 15. janúar síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu hefur nefndin fengið frest til að skila niðurstöðu fram til 1. mars næstkomandi.



FJÁRMÁLARÁÐHERRA Ný ríkisstjórn verður sest að völdum þegar tillögur um breytingar á lögum um stimpilgjöld, sem ESA setti sem skilyrði fyrir ríkisaðstoð við bankana, verða tilbúna. Katrín Júlíusdóttir er núverandi fjármála- og efnahagsráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## MIKLAR TEKJUR FYRIR RÍKISSJÓÐ

Allir sem kaupa sér fasteign þurfa að borga 0,4 prósent af fasteignamati hennar í stimpilgjald til ríkissjóðs. Þeir sem eru að kaupa sér sína fyrsta fasteign eru þó undanþegnir greiðslu gjaldsins. Af vanalegum veðskuldabréfum eru síðan greidd 1,5 prósent af fjárhæð bréfsins. Þegar skuldari ætlar að færa sig á milli fjármálastofnana, til dæmis vegna þess að honum bjóðast betri kjör, þarf hann að greiða stimpilgjöld af nýju fjármögnuninni. Þau gera það oft að verkum

að flutningurinn verður óhagkvæmur og virka þar af leiðandi sem samkeppnishindrun. Á árunum 2009 til 2012 er áætlað að stimpilgjöld hafi skilað 11,7 milljörðum króna í ríkissjóð. Samkvæmt fjárlögum 2013 er áætlað að þau skili 4,1 milljarði króna í ríkissjóð á þessu ári. Því mun íslenska ríkið samtals hafa haft 15,8 milljarða króna í tekjur af stimpilgjöldum á þessu fimm ára tímabili.

**0,4** prósent er hlutfallið af virði fasteignar sem þarf að greiða í stimpilgjald.

**4,1** milljarður króna eru áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjalda á þessu ári.

**1,5** prósent er stimpilgjald af vanalegum veðskuldabréfum.

**11,7** milljarðar króna eru tekjur ríkissjóðs vegna gjaldanna á árunum 2009 til 2012.

## RV birginn þinn - í skrifstofuvörum

Ljósritunarprentappír  
500 bl/búnt  
Verð frá  
**499 kr.**

12 stk. Trélitir  
**297 kr.**

Reiknivélar  
10 stafa  
**1.598 kr.**

Vönduð bréfabindi í miklu úrvali  
Verð frá  
**288 kr./stk.**

12 stk. Trélitir  
**297 kr.**

**Rekstrarvörur**  
- vinna með þér

Reitarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## DÝRUSTU BORGIRNAR

Economist hefur birt lista yfir dýrustu og ódýrustu stórborgirnar. Dýrast er að vera ferðamaður í Tókýó í Japan, þá Osaka þar í landi og í þriðja sæti er Sydney í Ástralíu. Ódýrasta stórborgin er Karachi í Pakistan. Sjá nánar á [turisti.is](http://turisti.is).



### Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsuþótar. Hvað um þig?

Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-

*Misty skor*  
Laugavegi 178

**BIRKENSTOCK**

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.  
[www.mistyskor.is](http://www.mistyskor.is)

Sími 551 2070  
Opíð mán.-fös. 10-18.

**W** White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

## Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát  
Stórt op > auðvelt að hlaða  
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur  
heitt og kalt vatn Afkastamikill  
þurrkari >

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara



**ÍSLENSKT FÖNN** Flestir krakkar hafa gaman af því að leika sér í snjó eins og sjá má á snjögri og ofsakátri Láru Róbertsdóttur í einni af vetrarferðum Ferðafélags barnanna.

MYND/FERDAFÉLAG ÍSLANDS

## Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upplutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

# BARNAGULL Í SNJÓ

**SNJÓHÚSAFERÐ OG LJÓSA GANGA** Á föstudaginn ætlar Ferðafélag barnanna í rannsóknarleiðangur með skóflur og ljós í ægifygurt vetrarríkið við Bláfjöll.

Við ætlum að finna gott gil, fullt af snjó, og gera þar alls konar snjóhúsatilraunir; athuga hvort manni verði kalt eða heitt inni í snjóhúsi og ímynda okkur hvort hægt sé að sofa í því,“ upplýsir leiðsögumaðurinn Brynhildur Ólafsdóttir, sem ætlar í snjóhúsaferð og ljósa göngu með Ferðafélagi barnanna á föstudaginn kemur.

Ferðafélag barnanna er deild innan Ferðafélags Íslands og er ferðin hluti af Vetrarhátíðinni Magnað myrkur. Hún tekur um þrjár til fjórar klukkustundir.

„Tilgangur Ferðafélags barnanna er að stuðla að skemmtilegri útivist og að fjölskyldan eigi gefandi stundir saman. Ferðirnar eru gríðarlega skemmtilegar og ætíð skapast mikil og góð stemning meðal barna og fjölskyldna þeirra,“ útskýrir Brynhildur um ferðirnar sem eru mislangar og aldrei erfiðar.

„Við höfum farið í villibað í Reykjadal, ratleik sem endaði á Nesjavöllum, gengið inn í Búrfellsgjá þar sem allir prófuðu klifur í línu, hellaferðir, grasaferðir, fuglaferðir og fleira. Í hverri ferð hægjum við á göngunni til að gera eitthvað skemmtilegt saman og fáum iðulega fræðslu frá grasalækni, fuglafræðingi, formanni Hellarannsóknafélagsins eða öðrum sem veitt geta fræðslu í samræmi við þema ferðanna,“ segir Brynhildur.

Ferðafélag barnanna fer einnig í lengri ferðir og mýmargt áhugavert er fram undan á nýja árinu.

„Í sumar ætlum við meðal annars í fjölskyldugöngu yfir Laugaveg og aftur yfir gamla Kjalveg, sem er sannkölluð ævintýraferð. Þá er siglt á Hvítárvatni, gengið á milli þriggja skála og endað á Hveravöllum,“ útskýrir Brynhildur



**FARARSTJÓRINN**  
Brynhildur Ólafsdóttir.

### KOMDU MEÐ!

Farið verður á einkabílum frá skrifstofum Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 á föstudaginn klukkan 15. Allir mæta með skóflur og ljós. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir. Sjá nánar á [www.ferdafelagbarnanna.is](http://www.ferdafelagbarnanna.is)

## Áríðandi tilkynning! D vítamín birgðir Íslendinga eru í lágmarki nú í skammdeginu

**DLUX1000** er byltingarkennt D-vítamín í munnúðaformi

Tryggir hámarksnýtingu!

### Af hverju D Lux 1000?

- DLUX 1000 er oliublandað og tryggir því betri nýtingu.
- Vítamínið fer beint út í blóðrás í stað þess að fara í gegnum meltingarveginn sem tryggir hraðari upptöku.

BetterYou™

- Skammtakerfi sem skammtar 1000IU í hverjum úða.
- Í hverju glasi eru 100 úðar um 3ja mánaða skammtur.
- Hentar grænmetisætum

BetterYou™  
Eins og náttúran hafði í hyggju  
**DLUX**  
1000

D vítamín til daglegra nota  
Hentar öllum aldri  
Náttúrulegt piparmyntubragð



Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fjarðarkaup, Krónunni, Nóatúni, Vöruvali Vestmanneyjum og Lifandi Markaður

[www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is)

## VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

Nýtt námskeið  
hefst 8. febrúar



Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.  
Eco Driving

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

### ENSKUSKÓLI ERLU ARA

Enskuskóli Erlu Ara auglýsir enskunám í Hafnarfirði fyrir byrjendur og lengra komna. Á hverri önn sækja um 200 nemendur enskunám í skólanum, langflest konur á aldrinum 40 ára og eldri.

Við bjóðum upp á: 10 getustig með áherslu á tal.  
Styrkt af starfsmenntasjóðum.

Skráning í síma 8917576 og erlaara@gmail.com

Þú ert velkominn í heimsókn og tekur ákvörðum eftir fyrsta tíma hvort þú viljir taka þátt.

Verð: ca 230 þúsund;  
allt innifalið.

[www.enskafyriralla.is](http://www.enskafyriralla.is)



Facebook, vertu vinur  
[facebook.com/enskafyriralla](https://facebook.com/enskafyriralla)

Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir hópa og einstaklinga.

## Fermining í Flash



Ótrúlegt  
úrval af  
fermingar-  
kjólum



Laugaveg 54,  
sími: 552 5201

Vertu vinur



GLÆSILEGT ÚTSÝNI Frá göngu í Vatnahéraði Englands. Windermere-vatnið í baksýn.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# PÖBBARÖLT Í SKOTLANDI

**FIGURÐ SKOTLANDS** Skotar eru höfðingjar heim að sækja. Landið býr yfir einstakri náttúru og landsmenn eru einstaklega gott og skemmtilegt fólk.

Hjónin Inga Geirsdóttir og Snorri Guðmundsson hafa undanfarin ár verið búsett í Glasgow í Skotlandi og rekið ferðaþjónustufyrirtækið Skotgöngu. Fyrirtækið býður upp á úrval skemmtilegra ferða, til dæmis gönguferðir, hálanaferðir og viskiferðir í bland við hefðbundnari ferðir. Upphaflega fluttu hjónin út árið 2005 þegar Snorri hóf störf hjá skosku tölvufyrirtæki. Stofnun fyrirtækisins gerðist hins vegar fyrir tilviljun þegar Inga hóf að labba með vinkonum sínum í Skotlandi og skipuleggja ferðir fyrir þær. „Þetta vatt síðan upp á sig og vöxturinn varð jafn og þéttur næstu árin þar til kreppan skall á. Í upphafi voru þetta mest kvennaferðir sem voru skipuleggðar á meðan karlarnir voru í golfi og fórum við með mörg hundruð Íslendinga árlega í gönguferðir.“


Reksturinn tók stóra dýfu eftir að kreppan skall á en hjónin ákváðu þó að gefast ekki upp og hófu sókn inn á skandinavíska markaðinn. Undanfarin ár hefur viðskiptavinum frá Svíþjóð

og Danmörku fjölgað jafnt og þétt og einnig Hollendingum.

Vinsælasta ferðin heitir West Highland Way og er lengsta gönguferð Skotlands. Ferðin er yfirleitt farin á sjö dögum en þó er boðið upp á ýmsa valmöguleika fyrir þátttakendur sem vilja labba styttri hluta hennar. Einnig er boðið upp á vinsælar ferðir til vatnahéraða Englands sem heita Windermere Way.

Inga segir marga Íslendinga ekki gera sér grein fyrir feegurð Skotlands en þegar þeir kynnist landi og þjóð komi þeir aftur og aftur. „Hér býr einstaklega gott og skemmtilegt fólk. Náttúran og landslagið hér er einstakt og svipar að mörgu leyti til Íslands nema hér er allt grænna. Veðurfarið er milt allt árið og hitinn yfir sumarið er yfirleitt um 20-22 gráður. Margir halda að það rigni mikið í Skotlandi en það er mikill misskilningur. Svo má nefna að margar gönguleiðir innihalda pöbba á miðri leið flesta dagana. Sumir kalla þetta pöbbaröltið og verða voðalega sorgmæddir ef það kemur dagur án pöbbs.“

■ [stari@365.is](mailto:stari@365.is)



**SAMHELDIN HJÓN**  
Inga Geirsdóttir og Snorri Guðmundsson reka saman Skotgöngu.  
MYND/ÚR EINKASAFNI



**GENGIÐ Í BLÍÐUNNI**  
Vinsælasta gönguferð Skotgöngu er West Highland Way.  
MYND/ÚR EINKASAFNI

um ferðir barnanna sem þau fara ávallt í samfylgd fullorðinna fjölskyldumeðlima.

„Þátttaka í ferðirnar er gríðarlega góð og allt að 120 manns sem hafa mætt í fuglaskoðun, sveppamó og hellaferðirnar sem hafa verið vinsælastar. Margir koma í hverja einustu ferð og er gaman að sjá krakkana hópa sig saman og vináttuna sem myndast á milli þeirra.“

Brynhildur og eiginmaður hennar, Róbert Marshall alþingismaður, eru mikið útivistarfólk og eiga samtals fimm börn sem þau hafa ferðast með frá blautu barnsbeini.

„Róbert kemur með mér sem fararstjóri í hverja ferð Ferðafélags barnanna. Tvö elstu börnin eru sem næst uppkomin en þrjú yngstu börnin koma með okkur. Krakkar upplifa ferðalög öðruvísi en fullorðna fólkið og horfa eftir því smáa í náttúrunni. Allt er sveipað ævintýraljóma og gull finnst í hverju spori, hvort sem það er rjúpa, ber, bein, steinn eða allt þar á milli og allt er jafn merkilegt.“

Brynhildur brýnir fyrir fólki að klæða



sig vel fyrir ferðina á föstudaginn því kalt sé í vetrarríkinu.

„Þá leggjum við mikla áherslu á gott nesti sem alla langar að borða; heitt kakó, gott brauð með áleggi og gúmmelaði. Þegar snjöhúsagerðinni lýkur kveikjum við á vasaljósnum eða setjum höfuðljós á kollinn og göngum í kringum Eldborgargíg sem er náttúruvætti skammt frá Bláfjöllum. Þetta verður því líka rannsóknarleiðangur, til að athuga hvernig það er að labba í rökkri og mögnuðu myrkri.“

■ [thordis@365.is](mailto:thordis@365.is)

**GAMAN Í SNJÓNUM**  
Ævintýrin gerast hjá Ferðafélagi barnanna. Í forgrunni er snótin Þórhildur Helga Pálsdóttir.  
MYND/FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal  
Sölumenn: Jónína María Hafsteinsdóttir, [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is), s. 512 5473  
Sverrir Birgir Sverrisson, [sverrirbs@365.is](mailto:sverrirbs@365.is), s. 512 5432  
Elsa Jensdóttir, [elsaj@365.is](mailto:elsaj@365.is), s. 512-5427 | Hönnun: Silja Ástþórsdóttir

7.–10. FEBRÚAR 2013

# MAGNAÐ MYRKUR

VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



VETRARHATID.IS



Reykjavíkurborg

orkusalan



## Glæsileg byrjun á Vetrarhátíð

Annað árið í röð á spænski arkitektinn Marcos Zotes opunaratriði Vetrarhátíðarinnar í Reykjavík. Eddi Egilsson úr hljómsveitinni Steed Lord semur tónlist við verkið en þetta er í fyrsta sinn sem hann fram fram sem sólólistamaður.

Vetrarhátíð í Reykjavík hefst fimmtudaginn 7. febrúar og stendur yfir til sunnudags. Borgarstjórnin í Reykjavík, Jón Gnarr, mun setja hátíðina með formlegum hætti á Austurvelli á fimmtudegi kl. 19.30 og verður opunaratriði hátíðarinnar sérstaklega glæsilegt. Um er að ræða verkið „PIXEL CLOUD“ eftir spænska arkitektinn Marcos Zotes sem mun umbreyta Austurvelli í stórbrotna upplifun ljóss, lita og hreyfingar við tónlist Edda Egilssonar úr hljómsveitinni Steed Lord sem þar kemur í fyrsta sinn fram sem sólólistamaðurinn Cosmos.

### VANN SAMKEPPNINA AFTUR

Höfuðborgarstofa, Orkusalan og Hönnunarmiðstöð Íslands stóðu fyrir samkeppni um opunaratriði hátíðarinnar og er þetta annað árið í röð sem Marcos Zotes vinnur samkeppnina. Í fyrra framkallaði hann kraftmikla og sjónræna upplifun þegar hann breytti framhlið Hallgrímskirkju með eftirminnilegum hætti. Marcos Zotes starfar sem arkitekt á arkitektastofunni Basalt arkitektar í Reykjavík. „Ég hef unnið að verkefninu „PIXEL CLOUD“ undanfarna tvo mánuði og hef nýtt kvöld og helgar í þá vinnu. Ég rek hönnunarstúdíóið UNSTABLE í Toppstöðinni í Elliðaárdal og þar hef ég unnið með mismunandi ljósatækni og ólík efni til að varpa ljósum á. Það verður einnig mjög spennandi að vinna með tónlistarmanninum Edda Egilssyni. Hann kemur hingað til landsins til að flytja sólóverkefni sitt sem passar



Eddi Egilsson, meðlimur Steed Lord, semur tónlistina við opunaratriði Vetrarhátíðarinnar.


MYND/ÚR EINKASAFNI

fullkomlega við verkið mitt. Það er einnig mjög gleðilegt að vinna aftur með fyrirtækinu Luxor, sem veitir mér frábæran tæknilagan stuðning við gerð verkefnisins.“

### MYND OG TÓNLIST KOMA SAMAN

Eddi Egilsson, meðlimur Steed Lord, hefur verið búsettur í Bandaríkjunum undanfarin ár ásamt öðrum meðlimum hljómsveitarinnar. Hann hlakkar mikið til að spila í fyrsta skiptið einn undir listamannsnafninu Cosmos. „Músikin er mjög lifandi og á því mjög vel við listaverkið hans Marcos þar sem mynd og tónlist koma saman í gagnvirkum þrívíddarheimi. Cosmos er rafræn tónlistarsaga sem tekur áhorfandann á flug út í alheiminn. Ég mun leiða tóna í gegnum hljóðgervil, trommuheila og fleiri hljóðfæri. Ég hvet alla til að mæta og upplifa þennan skemmtilega heim með eigin augum.“

Vetrarhátíð í Reykjavík hefur verið haldin árlega frá árinu 2002 og er markmið hennar að lýsa upp mesta skammdegið á þessum dimma árstíma með ýmsum skemmtilegum viðburðum og uppákomum. Fjölbreytt dagskrá er í boði þessa daga fyrir alla aldurs hópa og er ókeypis inn á alla viðburði. Nánari upplýsingar má finna á [www.vevtrarhatid.is](http://www.vevtrarhatid.is).



Opunaratriði Marcos Zotes mun umbreyta Austurvelli í stórbrotna upplifun ljóss, lita, hreyfingar og tónlistar.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Spænski arkitektinn Marcos Zotes samdi opunaratriði Vetrarhátíðarinnar í Reykjavík sem verður sett á fimmtudaginn.

MYND/VILHELM

## Góðir Reykvíkingar

Vetrarhátíð verður að þessu sinni haldin dagana 7.–10. febrúar, eða frá fimmtudegi til sunnudags. Yfirskrift hátíðarinnar í ár er Magnað myrkur og að venju lýsir hátíðin upp vetrarmyrkrið með viðburðum og uppákomum af ýmsu tagi. Dagskráin er fjölbreytt og gefst borgarbúum og gestum tækifæri til að taka þátt í henni sér að kostnaðarlausu.

Vetrarhátíð í Reykjavík er fjölskylduskemmtun sem einkennist af sköpunargleði, hugkvæmni og listrænni tjáningu. Hátíðin verður sett á Austurvelli með verkinu „PIXEL CLOUD“ eftir arkitektinn Marcos Zotes sem umbreytir Austurvelli í stórbrötta upplifun ljóss, lita og hreyfingar við tónlist frá „Cosmos“ sem er hugarfóstur Edda Egilssonar úr Steed Lord.

Segja má að fjórar styrkar stoðir beri hátíðina uppi í ár. Þar ber fyrst að nefna Safnanótt sem nær yfir sex sveitarfélög og fjörutíu söfn. Á Safnanótt gengur safnastrætó á milli safnanna til að auðvelda gestum að heimsækja söfnin. Þá er það Sundlauganótt þar sem borgarbúum verður boðið frítt í sund



og að upplifa magnaða listviðburði sem verða í ýmsum formum í sundlaugunum. Heimsdagur barna verður í Gerðubergi og þar verða margar spennandi listasmíðjur fyrir börn og unglíng. Hátíðinni lýkur svo með Kærleikum á Austurvelli á sunnudag. Kærleikarnir minna okkur á samkenndina og allt það fallega sem tengir okkur saman. Um alla borg verða svo almenn dagskráratriði þar sem sjá má þverskurð af spennandi viðburðum. Sem dæmi má nefna að fluttur verður snjór úr Bláfjöllum í Grasagarðinn og finnski umhverfislístaamaðurinn Timo Jokela mun útbúa úr honum íslistaverk. Það verður skemmtilegt að fylgjast með því.

Að lokum hvet ég alla til að mæta á Vetrarhátíð og njóta alls þess sem okkar góða borg hefur upp á að bjóða. Hátíðin hentar ungum jafnt sem öldnum og ég vona að sem flestir nýti tækifærið til samveru og skemmtunar.

Sjáumst hress og kát á Vetrarhátíð!

Jón Gnarr

borgarstjóri í Reykjavík

## Umhverfið myndar tónlist

Safnanæturstrætó flytur gesti Vetrarhátíðar á milli safna að venju. Í tveimur strætisvögnum verður listahópurinn S.L.Á.T.U.R., Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík, með innsetningu. Áki Ásgeirsson, Jesper Pedersen og Magnús Jensson eru höfundar verksins.

„Við ætlum að koma fyrir búnáði, hátölurum og skjáum, aftast í strætóunum og tengja þá þannig saman með hljóði og mynd,“ útskýrir Áki. Vagnarnir verða því nokkurs konar framhald hvor af öðrum. „Maður sér úr einum vagninum yfir í hinn og heyrir jafnframt hljóðið í báðum vögnunum um leið. Við þetta verða til nokkurs konar ormagöng eða víthringur þar sem hljóðin fara inn í einn strætó og síðan aftur yfir í hinn.“ Listahópurinn kemur því ekki fram sem flytjandi heldur stendur fyrir þessari mynd- og hljóðinnsetningu. „Það er þó aldrei að vita nema eitthvað óvænt gerist sem við stuðlum að.“

Markmið S.L.Á.T.U.R. er að kynda undir nýmælum í tónmenningu Reykjavíkur og nágrennis. Samtökin hafa verið leiðandi í nýsköpun tónlistar og verið



Þeir Áki Ásgeirsson, Magnús Jensson og Jesper Pedersen undirbúa innsetningu sína í Strætó með því að mæla fyrir tækjabúnaðinum.

MYND/VALLI

sameiginlegur vettvangur frumlegustu tónskálda Íslands. Listahópurinn hefur meðal annars verið með uppákomur á ýmsum söfnum og galleríum í gegnum tíðina og tengist þannig vel Vetrarhátíðinni.

„Við teygjum anga okkar inn í safnaheiminn gegnum hljóðlist sem á rætur bæði í tónlistar- og myndlistarheiminum. Ýmsir, bæði með bakgrunn í tónlist og myndlist hafa verið að fást við innsetningar, hljóðgjörninga, hljóðskúlptúra, nýsmíðar í hljóðfærum og gjörningaflutningslist,“ upplýsir Áki. Því þótti hópnun tilvalið að kynna farþega Strætó fyrir þessu listformi.

„Í staðinn fyrir að koma með hljómsveit inn í strætisvagn vildum við benda fólki á alla músíkina sem er í strætó,“ segir Áki og bendir á að bæði myndlistar- og tónlistarmenn vinni margir ótullega að því að benda á listina sem þegar er til staðar í umhverfinu. „Það er jákvæð þróun. Ófugt við að setja listina á einhvern stall sem fólk þarf að horfa á úr fjarlægð, þá er maður inni í listinni og partur af því að búa hana til. Fólk sem ferðast með þessum tveimur strætisvögnum á Vetrarhátíð verður sjálfkrafa partur af verkinu.“

## Bílahúsin

Opin 7-24  
alla daga



www.bilastaedasjodur.is

● **SPILAVINIR VERÐA Í RÁÐHÚSINU** Spilavinir er verslun með spil og púslspil á Langholtsvegi. Síðustu ár hafa Spilavinir mætt á bekkjarkvöld og kennt börnum og foreldrum þeirra aragrúa af spilum. Kvöldin hafa vægast sagt slegið í gegn. Markmiðið með spilakvöldum er að skapa gleði hjá foreldrum og börnum og kenna þeim að njóta samverunnar yfir skemmtilegu spili.

Spilavinir verða nú í Ráðhúsinu á Vetrarhátíð 9. og 10. febrúar frá 13 til 17. Hinir stórskemmtilegu og reyndu starfsmenn Spilavina mæta á svæðið með úrval borðspila og smáspila sem þeir munu kenna gestum og gangandi.

Spil eru ódýr og skemmtileg afþreying sem kynslóðirnar geta auðveldlega sameinast um.

Spilavinir hvetja alla – börn, foreldra, afa, ömmur og góða vini, til að taka þátt í þessum skemmtilega viðburði sem sameinar alla í fjölskylduvænum borðspilum.



● **SKUGGASKÓGUR Í ÖSKJUHLÍÐ** Massimo Santanicchia, kennari í arkitektúr við Listaháskóla Íslands, fékk þá hugmynd að lýsa upp skóginn í Öskjuhlíðinni og gefa fólki færi á að upplifa hann í nýju ljósi. „Ég hef oft farið í skóginn í Öskjuhlíð í vetur og þar er aldrei neinn á ferli. Fólk fer ekki inn í hann í myrkri, svo mér datt í huga að gefa því færi á því að njóta skógargöngu í myrkrunni með því að planta litlum ljósum hér og þar og búa til skuggaskóg,“ segir Massimo.

Það er Osram sem styrkir verkefnið og lætur til LED-perur sem fá orku sína úr rafhlöðum. Leiðsögufólk

frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur mun svo bjóða upp á leiðsögn um svæðið og er fólk hvatt til að hafa vasaljós með sér. „Við búum í borg þar sem ljósmengun er mikil en í skóginum er myrkur. Með ljósum langar mig að undirstrika náttúru skógarins betur, en ljósin skapa skugga sem stækka hann, ýkja og draga fram náttúruna.“

Föstudag, laugardag og sunnudag frá 18 til 19 og frá 20 til 21 verða farnar ævintýraferðir um kynjaveröld Öskjuhlíðar með leiðsögn. Hver ganga hefst við kaffihúsið Nauthól Bistro, Nauthólsvogi 106, og endar við Perluna.



Barnaheill  
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...  
Foreldrum og keirvöldum  
þer að tryggja öryggi barna













### ● VETRARHÁTÍÐ LÝKUR Á KÆRLEIKUNUM

Lokaatriði Vetrarhátíðar eru Kærleikar Bergljótar Arnalds sem haldnir eru í fimmta sinn. „Markmið Kærleikanna er að efla samkennd, hlýju og kærleika og um leið minna okkur á að við erum öll mikilvæg í samfélaginu. Við búum saman sem hópur einstaklinga með mismunandi skoðanir og samvinnan gerir okkur sterkari en flestar aðrar dýrategundir,” segir Bergljót. Komið verður saman fyrir framan Alþingishúsið og þaðan gengin Kærleiksganga sem Lúðrasveitin Svanur leiðir. Gangan endar við lönó þar sem boðið verður upp á heitt súkkulaði og Vocal Project undir stjórn Matta Sax.

„Febrúar er einn erfiðasti mánuður vetrarins og við ætlum að kveikja smá ljós í lífinu. Kyndilberar verða í göngunni og eldgleypar mæta á svæðið. Pólfarinn Vilborg Arna Gissuradóttir mun fara nokkrum orðum um það hvernig henni tókst að komast í mark þrátt fyrir mikla áskorun. Þá mun Sóla sögukona mæta, björgunarsveitirnar, leikhópurinn Perlan og Sönglist auk þess sem krökkum verður boðin andlitsmálning. Ásta Valdimars verður með hláturjoga og við ætlum að senda fingurkoss og góða strauma til Alþingishússins.“ Litur Kærleikanna er rauður og er fólk hvatt til að taka eitthvað rautt með. Kærleikarnir eru sunnudaginn 10. febrúar og hefjast kl. 17 á Austurvelli.

### ● HÆGT AÐ VINNA MÁLTÍÐ

Nokkrir af bestu veitingastöðum borgarinnar bjóða upp á spennandi Vetrarhátíðarmatseðla á tilboðsverði þá fjóra daga sem Vetrarhátíð stendur yfir. „Við fengum þá hugmynd að fá veitingastaði til liðs við okkur svo fólk gæti slegið tvær flugur í einu höggi; notið dagsskrár Vetrarhátíðar og gætt sér á ljúffengum réttum á þessum frábæru stöðum,” segir Guðmundur Birgir Halldórsson hjá Höfuðborgarstofu. Hann bendir einnig á að leikur verður í gangi á Facebook-síðu Vetrarhátíðar Reykjavíkur. „Fólk getur farið á síðuna, líkað við hana, sett inn skilaboð og þannig átt tækifæri á að vinna máltíð á einum af eftirtöldum veitingastöðum.“

Café Loki  
Fiskfélagið  
Fiskmarkaðurinn  
Grillmarkaðurinn  
Hótel Holt – Gallery Restaurant  
Laundromat cafe  
Rub 23  
Sjávarbarinn  
Sjávargrillið  
Tapashúsið  
Uno  
Við Tjörmina



### ● KÓRSTUND Í SUNDI

Boðið verður upp á kórtónleika í Laugardalshöll í tengslum við Sundlauganótt laugardaginn 9. febrúar. Þar munu fimm hundruð kórmeðlimir úr hinum ýmsu kórum og á öllum aldri raða sér upp í stúkuna og syngja fyrir sundlaugagesti. Stjórnendurnir eru ekki af verri endanum en það eru þau Þorgerður Ingólfsdóttir, stjórnandi Hamrahlíðakóranna, Jón Stefáns-son, stjórnandi kórs Langholtskirkju, Graduale Nobili og Gradualekórins, Magnús Ragnarsson, stjórnandi Söngsveitarinnar Fílharmóníu og Kórs Áskirkju og Þóra Marteinsdóttir, stjórnandi Kórs Vatnsendaskóla. Flutt verða fjögur lög og mun hver stjórnandi stjórna einu lagi.

„Sundlauganótt var haldin í fyrsta skipti í fyrra en hugmyndin er að nýta rými sem við erum von að nota á ákveðinn hátt einhvern vegin öðruvísi. Í fyrra var boðið upp á fimleika og dans en í ár datt einhverjum snillingnum í hug að fylla stúkuna af kór-söngvurum og hafa áhorfendurna í lauginni,” segir Heiðrún Hákonardóttir, skrifstofustjóri Höfuðborgarstofu. „Vetrarhátíð snýst um ljós og myrkur og munu kórmeðlimir vera upplýstir. Þeir verða sömuleiðis búnir vasaljósnum og sjálflysandi ljósaprikum sem þeir munu beita með mismunandi hætti í hverju lagi fyrir sig. Þetta verður því án efa tilkomumikið.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 18:00 og hvetur Heiðrún fólk til að mæta og njóta flutningsins ofan í lauginni.



## OPNUNARATHÖFN VETRARHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

Opnunaratriði Vetrarhátíðar í Reykjavík 2013 „PIXEL CLOUD“ er eftir listamanninn Marcos Zotes, með tónlist eftir Eðvarð Egilsson (Cosmos). Marcos Zotes lýsti á magnaðan hátt upp Hallgrímskirkju á Vetrarhátíð í fyrra og setur nú upp ógleymanlegt rafmagnað verk.

Ekki missa af stórfenglegu sjónarspili á Austurvelli fimmtudaginn 7. febrúar, klukkan 19:30.



SKJÓL FYRIR  
SKAMMDEGI

Náðu þér í svolitla auka birtu á Vetrarhátíð. Orkusalan hefur kveikt á sumrinu í nokkrum strætósýklum í borginni. Nánar á [solskyli.is](http://solskyli.is).

orkusalan

Orkusalan – lýsir upp Vetrarhátíð í Reykjavík 2013.

# Nornaseyði og grænar vöflur

„Heimsdagur barna er helsta stolt Gerðubergs, mikill hátíðisdagur og gleðin alltumvefjandi og allsráðandi,“ segir Hólmfríður Ólafsdóttir verkefnastjóri um barnahátíðina vinsælu sem um árabíl hefur verið fjölsóttasti viðburður Menningar- miðstöðvarinnar Gerðubergs í Efra-Breiðholti.

Í takt við Magnað myrkur, sem er þema Vetrarhátíðar í ár, verða nornir og seiðkarlar á sveimi í Gerðubergi.

„Gestir Heimsdags barna fá aðgang að spennandi smíðjum þar sem hægt er að búa til seiðkarla- og nornabúninga fyrir öskudaginn, ásamt því að sauma öskupoka og búa til bolluvendi,“ upplýsir Hólmfríður um brot af heilandi viðfangsefnum Heimsdagsins.

Í Gerðubergi verður einnig origami-smíðja, hljóðfærasmíðja, vísindasmíðja og danssmíðja þar sem ungmenni úr Dans, dans, dansþáttunum kenna hipphoppdans.

„Á Nornakaffihúsi í Miðbergi verður hægt að gæða sér á nornaseyði og gómsættum grænum vöflum og grilla brauð á opnum eldi úti á torginu. Þar þarf þó að fara með gát því í ógurlegu kattarbæli lúrir andstyggilegur köttur nornarinnar sem skýtur viðstöddum örugglega skelk í bringu með skelfilegum óhljóðum sínum,“ segir Hólmfríður.



Hólmfríður er hér stödd í ævintýralegrum umgjörð árlegrar sýningar á myndskreytingum barnabóka í Gerðubergi. Þar hefur verið skapaður ævintýraheimur þar sem á rennur í gegnum sýningarsvæðið. Þar er einnig hægt að klifra upp á fjall, skríða inn í hól, leggjast á grænan grasbala eða undir stórt tré til að skoða og teikna myndir eða eiga notalega lestrarstund með bók í hönd.

Hún segir krakka elska Heimsdag barna og ekki síst að upplifa hann með fjölskyldu sinni.

„Undanfarin ár hafa um 2.000 gestir sótt Heimsdag barna og gestafjöldinn dreifist vel. Að þessu sinni munu unglingar taka meiri þátt en áður og láta ljós sitt skína sem smíðjustjórar og hjálparhellur en einnig stíga á stökk á útisviði með sigurvegurinum úr Söngvakeppni Breiðholts og hæfileika-

keppninni Breiðholt Got Talent,“ útskýrir Hólmfríður, sem hlakkar mikið til.

„Heimsdagur barna var upphaflega hátíð þar sem ólík þjóðarbrót sýndu handverk og skemmtun frá gamla heimalandinu. Þetta hefur breyst í tímans rás. Innflytjendur eru oft einangraðir, ekki síst foreldrar barna af erlendum uppruna. Við viljum hvetja þá til að taka þátt með börnum sínum á Heimsdegi



Gerðuberg breytist í gósenland sköpunar og gleði á Heimsdegi barna.

barna og þýðum dagskrána yfir á sjö tungumál sem við sendum í alla skóla og á frístundaheimilin. Heimsdagur barna er því kærkomið tækifæri fyrir alla að upplifa gleðina með börnunum sem er í senn dýrmæt og skemmtileg upplifun.“

Heimsdagur barna stendur frá klukkan 13 til 16 laugardaginn 9. febrúar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Sjá nánar á [www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is).

## Draugar og sjóræningjar

### ÆVINTÝRAGJARNIR

Verða ekki sviknir á Safnanótt í Sjóminjasafninu. Boðið verður upp á sjóræningjaföndur fyrir yngstu kynslóðina þar sem hægt verður að búa til sjóræningjaskip, sjóræningjahatt og lepp. Á safninu verður sjóræningjapema allsráðandi og hægt að fara í fjár-sjóðsleit um safnið og jafnvel rekast á sjóræningja.

Þá flytur Stjórnuskoðunarfélag Seltjarnarness fyrirlesturinn „Stjórnuskoðun að vori“ og býður upp á stjórnuskoðun af pallinum ef veður leyfir.

Í mögnuðu myrkr Sjóminjasafnsins verður Kór Akranesarkirkju með draugalega kvöldvöku þar sem þekktar þjóðsögur verða sviðsettar í formi ljósmynda og málverka og kórinngur lög sem tengjast hverri sögu.

Vikin Sjóminjasafn er í Grandagarði 8. Dagskrá á Safnanótt 8. febrúar stendur frá 19 til miðnættis.



Eldsmíðir að störfum en þeir munu hamra járn í Fógetagarðinum á Safnanótt.

MYND/MINJASAFN REYKJAVÍKUR

## Eldsmíði og víkingar á vappi á Safnanótt

Víkingar verða á vappi um Landnámsýninguna í Aðalstræti 16 á Safnanótt milli klukkan 19 og 23. Þá verður einnig hægt að kynna hinni fornu iðn járnsmíða þar sem eldsmíðir verða að störfum í Fógetagarði og hamra járnid meðan það er heitt, milli klukkan 20 og 23.

Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, mun fjalla um Skúla Magnússon og Innréttingarnar á Landnámsýningunni klukkan 20. Þar munu meðal annars ný götuheiti koma til sögunnar, en Skúlatún fékk nýlega heitið Þórunnartún og því þykir það vel við hæfi að Þórunn fjalli um Skúla.

Smástundarsafnið mun síðan skjóta upp kollinum á Landnámsýningunni en í því geta allir tekið þátt. Koma má með sýnishorn úr eigin safni svo sem frímerki,

skopparabolta eða hvað sem er, allt er leyfilegt. Segja skal frá því af hverju safnað er en frásagnir og ljósmyndir af hlutum verða svo sett inn á heimasíðu Smástundarsafnsins að viðburðinum loknum.

Í Árbæjarsafni verður einnig fjölbreytt dagskrá á Safnanótt. Ljóðskáld frá Ljóðahópi Gjábakka ræða um bragarhætti og myndmál og ástæður þess að fólk semur ljóð. Útjoga verður stundað í safninu klukkan 21 og þá býður dúettinn Hringanóri upp á blandaða dagskrá, meðal annars útsett þjóðlög fyrir söng og selló. Tónleikar Hringanóra hefjast klukkan 22 í Lækjargötusal.

Klukkan 23 hefst svo rökkurleiðsögn um Árbæjarsafn þar sem sagðar verða sögur sem vekja bæði óhug og hrylling.

Sjá nánar á [www.vevtrahatid.is](http://www.vevtrahatid.is).

## S TÍMATAFLA SAFNANÆTURSTRÆTÓ

Frítt í Strætó!

### Leið A – á 20 mín. fresti frá 19.00–24.00.

Stoppistöð		Safn
Flókagata á bílast. Kjarvalst.	00 20 40	Kjarvalsstaðir
Eiríksgrata – við Hallgrímskirkju	04 24 44	Listasafn ASÍ
Eiríksgrata	04 24 44	Listasafn Einars Jónssonar
Sturlugata 5	08 28 48	Norræna húsið
Suðurgata við Hringbraut	10 30 50	Þjóðminjasafn Íslands / Þjóðarboðkhláðan
Við Fríkirkjuna	12 32 52	Listasafn Íslands
Á horni Túngötu og Aðalstr.	13 33 53	Minjasafn Reykjavíkur (Landnámsýning)
Eiðisgranda við Öldugranda	18 38 58	Bókasafn Seltjarnarness
Grandagarður 8	23 43 03	Sjóminjasafnið
Geirsgata – bakvið Hafnarhús	28 48 08	Alliance Francaise, Borgarbókas., Borgarskjalas., SÍM
Hverfisgata við bílastæðahús	31 51 11	Ljósmyndasafn Rvk., Hafnarhús, Graffikasafn Ísl.
Skúlagötu 28	35 55 15	Þjóðmenningarhús
Laugavegur – við safnið	38 58 18	Nýlistasafnið
Flókagata á bílast. Kjarvalsstaða	41 01 21	Þjóðskjalasafn Íslands
		Kjarvalsstaðir

### Leið B – á 20 mín. fresti frá 19.00–24.00.

Stoppistöð		Safn
Flókagata bílast. við Kjarvalst.	10 30 50	Kjarvalsstaðir
Fyrir utan Perluna	16 36 56	Sögusafnið Perlunni
Í Hamraborg	23 43 03	Héraðsskjalasafn Kóp., Náttúrufræðistofa Kóp., Bókasafn Kóp., Molinn í Kóp., Gerðarsafn, Tónlistarsafn Ísl.
Garðatorg	28 48 08	Bókasafn Garðabæjar, Hofsstaðir, Hönnunarsafn Íslands
Við Álfaneskóla	38 58 18	Bókasafnið á Álfanesi
Garðaholt	42 02 22	Krókur á Garðaholti
Vesturgata 8	46 06 26	Byggðasafn Hafnarfjarðar
Í Firði	48 08 28	Hafnarborg, Bókasafn Hafnarfjarðar
Garðatorg	58 18 38	Bókasafn Garðab., Hofsstaðir, Hönnunarsafn Ísl.
Hamraborg – í stæði 28	03 23 43	Héraðsskj. Kóp, Náttúrufrst. Kóp, Bókasafn Kóp., Molinn, Tónlistars. Ísl.
Fyrir utan Perluna	09 29 49	Sögusafnið Perlunni
Bílastæði við Kjarvalsstaði	15 35 55	Kjarvalsstaðir

### Leið C – á 20 mín. fresti frá 19.00–24.00.

Stoppistöð		Safn
Flókagata bílast. við Kjarvalst.	20 40 00	Kjarvalsstaðir
Við safnið	32 52 12	Árbæjarsafn
Við safnið	42 02 22	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Við safnið	49 09 29	Ásmundarsafn
Grasagarðurinn (Laugardalshöll)	51 11 31	Grasagarðurinn
Flókagata bílast. við Kjarvalst.	55 15 35	Kjarvalsstaðir

### Leið D – ein ferð

Frá Kjarvalsstöðum	20.00
Frá Gljúfursteyni	22.00

### ALLIR VAGNAR AKA LEIÐIR A–C.

Fyrst leið A, svo leið B og síðan leið C. Þannig getur fólk komist á milli með sama bíl ef það vill bíða við Kjarvalsstaði á meðan vagninn bíður.







Rannsókn á falli Kaupþings í Bretlandi kostnaðarsöm:

# Kostnaður SFO alls 745 milljónir króna

Rannsókn bresku efnahagsbrota-deildarinnar (SFO) á falli Kaupþings hefur kostað stofnunina 745 milljónir króna. Tveir þriðju hlutar þeirrar upphæðar er tilkominn vegna þess að SFO var gert að greiða málskostnað bræðranna Vincents og Roberts Tchenguiz, sem voru á meðal þeirra sem voru til rannsóknar. Þetta kemur fram í skriflegu svari breska dómsmálaráðuneytisins við fyrirspurn í breska þinginu frá 23. janúar síðastliðnum. Rannsókn á málefnum Kaupþings var hætt í október á síðasta ári. SFO viðurkenndi auk þess að mistök hefðu verið gerð við rannsókn málsins.



**EKKI BÚID** Vincent Tchenguiz og Robert bróðir hans hafa farið fram á himinháar skaðabætur. MYND/LUCIENNE SENCIER

vegna þessa. Samtals nemur kostnaður SFO vegna rannsóknarinnar því um 745 milljónum króna.

Kostnaðurinn gæti hækkað umtalsvert þar sem bræðurnir Vincent og Robert Tchenguiz, sem voru á meðal hinna grunuðu, hafa farið fram á himinháar skaðabætur frá stofnuninni vegna þess skaða sem þeir telja sig hafa orðið fyrir vegna rannsóknarinnar, en hún snerist að mestu um lánveitingar Kaupþings til bræðranna. Vincent og Robert eru taldir fara fram á samtals um 400 milljónir punda, 83 milljarða króna, í bætur vegna þess skaða sem þeir telja sig hafa orðið fyrir vegna rannsóknarinnar. Málaferlin, sem talið er að muni standa í átta vikur, munu líkast til ekki hefjast fyrr en í byrjun árs 2014.

Fréttablaðið greindi frá því að SFO hefði eytt um 1,3 milljónum punda, um 270 milljónum króna, í rannsókn sína á Kaupþingi fyrr á þessu ári. Þar af hefðu 729 þúsund pund, 151 milljón krónur, farið í að greiða átta ráðgjöfum sem aðstoðuðu við rannsóknina. Um 417 þúsund pund, 86 milljónir króna, hefðu farið í að greiða málflytningumönnum og afgangurinn í launagreiðslur til þeirra starfsmanna SFO sem unnu að rannsókninni.

Til viðbótar var SFO dæmt til að greiða málskostnað Tchenguiz-bræðranna vegna langvarandi málaferla sem fylgdu í kjölfar rannsóknar stofnunarinnar á bræðrunum. Í svarinu segir að þegar hafi verið greiddar 2,4 milljónir punda, um 475 milljónir króna,

# FME vísaði 11 málum til sérstaks árið 2012

**Fjármálaeftirlitið hefur vísað tæplega 100 málum til embættis sérstaks saksóknara frá hruni. Af því 21 máli sem eftirlitinu barst frá Kauphöllinni í fyrra hafa fjögur mál verið tekin til rannsóknar.**

**EFTIRLITSMÁL**  
Þóroddur Snær Júlíusson | thordur@frettabladid.is

Fjármálaeftirlitið (FME) vísaði alls ellefu málum til embættis sérstaks saksóknara á síðasta ári. Engin þeirra mála voru send til eftirlitsins frá Kauphöll Íslands en fjögur þeirra eru enn í rannsókn. Þetta kemur fram í svari FME við fyrirspurn Markaðarins um málið.

Greint var frá því í síðustu viku að Kauphöllin hefði vísað 21 máli til FME á síðasta ári. Átta þeirra mála voru vegna gruns um markaðsmisnotkun og tvö vegna gruns um ólögleg innherjaviðskipti. Í svari sínu um aðdrif málanna sem Kauphöllin sendi segir FME að fjögur þeirra hafi farið í rannsókn, skoðun sé ólokið á sjö málum en lokið í 14 málum. Því er ljóst að tíu mál sem tekin hafa verið til skoðunar hafa ekki verið rannsökuð frekar. FME hefur enn sem komið er ekki vísað neinu þeirra mála sem komu frá Kauphöllinni í fyrra til embættis sérstaks saksóknara. Í svari FME segir einnig að eftirlitið vilji taka fram að „Kauphöll sendir mál til frekari skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu ef hún sér einhver

frávik. Á þeim geta svo reynst fullkomlega eðlilegar skýringar. Eðlilegt er því að tala um ábendingu í þessu sambandi. Ábendingar geta svo í einhverjum tilvikum leitt til rannsóknar.“



**ÓLAFS ÞÓRODDUR SNAER JÚLÍUSSON**

Í síðustu ársskýrslu FME, sem birt var í lok október 2012, segir að formlegum rannsóknum eftirlitsins á meintum efnahagsbrotum í aðdraganda fjármálaáfallsins haustið 2008 hafi lokið um ára-

mótin 2012-2013. Í október 2012 hafði FME lokið rannsókn á alls 167 málum. „Alls hafa 49 mál tengd aðdraganda hrunsins verið kærð til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra eða embættis sérstaks saksóknara. Jafnframt hefur 34 málum, þar sem um er að ræða meint brot á almennum hegningarlögum, verið vísað til embættis sérstaks saksóknara.“ Umrædd brot eru í öllum flokkum brota. Þremur málum var lokið með sektum og 81 máli án aðgerða. Frá síðustu áramótum mun rannsóknarteymi FME einungis rannsaka samtímamál. Samhliða hefur verið fækkað í teyminu.



## CHEVROLET CAPTIVA:

# Sjö manna sportjeppi

Chevrolet Captiva sportjeppinn er hlaðinn aukabúnaði sem eykur getu hans og akstursánægju við erfiðustu aðstæður. Hann bregst við náttúruöflunum eins og innfæddur. Þess vegna er hann einn vinsælasti jeppinn á landinu. Íslendingar þekkja Captiva.



Chevrolet Captiva LT Dísel ssk. Verð kr. 6.890 þús.  
Chevrolet Captiva LTZ Dísel ssk. Verð kr. 7.390 þús.

Hluti af staðalbúnaði Captiva LT: 2.2L / 184 hestafla vél • 7 sæta • 17" álfelgur • 6 þrepa sjálfskipting • Bluetooth samskiptakerfi • Brekkubremsa Fjarstýrðar samlæsingar með þjófavörn • Aðgerðarstýri • Rafmagn í rúðum og hljóarspeglum • Hljómflutningstæki með USB tengi • Aksturstölvla Tölvustýrt miðstöð með loftkælingu • Fjaropnun á afturhlera • Upphitanlegir hljóarspeglar • Nálægðarskynjarar í afturstuðara og fleira og fleira.

Aukalega í Captiva LTZ: Leðuráklæði á 7 sætum • Rafmagn í sætum • Topplúga • 18" álfelgur • 8 hátalarar • Dökkar afturrúður • Titanium litaðir þakbogar og hurðahúnar • Hreinsibúnaður á aðalaljósum • Állitúð hlífðarþanna • Nálægðarskynjari í framstuðara

**Velkomin í Chevrolet salinn**  
**Opið virka daga frá kl. 9-18 og laugardaga frá kl. 12-16**







60  
ÁRA  
1953-2013

# OPTIMA

ELSTA STARFANDI FYRIRTÆKI Í  
PRENTLAUSNUM



Optima er leiðandi í sölu og þjónustu skrifstofutækja fyrir allar gerðir fyrirtækja og stöðluðum hugbúnaðarlausnum þeim tengdum.

**OPTIMA**  
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000  
[www.optima.is](http://www.optima.is)

**RICOH**  
Ljósritunarvélar - Prentarar - Skannarar

**SCAN COIN**  
Mynttalninga- og flokkunarvélar

**ROSENGRENS**  
Öryggis- og peningaskápar

**BISLEY**  
Skjala- og skrifstofuskápar

**SecureLine**  
Öryggisskápar

**WINCOR  
NIXDORF**  
Kassakerfi

**xerox**  
Skrifstofutækja

**KATUN  
PERFORMANCE**  
Prentvörur



## Hin hliðin

ÞÓREY VILHJÁLMSDÓTTIR  
FRAMKVÆMDASTJÓRI  
BORGARSTJÓRNAR-  
FLOKKS SJÁLFSTÆÐIS-  
FLOKKSINS

## Skattland

Eiginkona vinar míns fór í sérnám í heilbrigðisgeiranum til Stokkhólms fyrir tveimur árum og fluttist fjölskyldan því búferlum þangað. Þessi vinur minn hafði þann kost að geta sinnt sínu starfi á Íslandi í fjarvinnu og það hann skattayfirvöld í Svíþjóð um að meta hvort hagkvæmara væri fyrir hann að greiða skatta þar í landi en á Íslandi. Svarið var að svo væri og þegar álagningarseðlar voru sendir út fékk hann endurgreiðslu sem nam rúmlega mánaðarlaunum hans fyrir umrætt ár. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð hversu miklu munar fyrir þessa litlu millistéttarfjölskyldu að hafa einum mánaðarlaunum meira til ráðstöfunar á ári hverju.

## Hæstu tekjuskattarnir á Íslandi

Þetta er aðeins eitt af mörgum sláandi dæmum um hið ósanngjarna tekjuskattskerfi Íslendinga sem svo margir eru farnir að flýja. Það kemur nefnilega í ljós að þegar hið þrepaskipta tekjuskattskerfi á Íslandi er borið saman við önnur lönd, og lífeyrissjóðsiðgjöld eru tekin með, er Ísland með hæstu tekjuskatta í Evrópu. Efta tekjuskattsþrepið okkar verður 58% þegar lífeyrissjóðsiðgjöldin eru tekin með.

## Ósanngjörn skilgreining á hátekjum

En þetta er ekki það eina sem er ósanngjarn við tekjuskattskerfið. Annað sem er ekki síður alvarlegt og bitnar mjög illa á millistéttinni er hversu lágt tekjuviðmið er fyrir þriðja og jafnframt efsta þrepið. Efta þrepið okkar án lífeyrissjóðsiðgjalda er 46% og hafa þeir sem eru með 704.367 krónur í mánaðarlaun eða meira, fallið undir það þrep. Í Svíþjóð er miðað við tæplega eina milljón króna fyrir efsta þrep og í Bretlandi er þetta viðmið tvær og hálf milljón króna í mánaðarlaun. Hér á Íslandi er eitt lægsta tekjuviðmið á efsta skattþrepið í Evrópu sem þýðir í raun að við skilgreinum háar tekjur sem miklu lægri upphæð en önnur lönd.

## Samkeppnin um fjölskyldurnar

Þessi ósanngjarna skattheimta bitnar sérstaklega illa á millistéttinni sem greiðir mun hærri skatta en gengur og gerist í löndunum í kringum okkur eins og dæmið með vin minn sýnir svo skýrt. Núverandi ríkisstjórn hefur gert 29 breytingar á tekjuskattskerfinu einu síðan hún tók við en í heild eru skattabreytingar á þessu tímabili vel yfir hundrað talsins. Breytingar sem því miður hafa ekki verið í þágu fjölskyldna og fyrirtækja í landinu. Við erum í harðri samkeppni við önnur lönd sem fyrsti búsetukostur fyrir fjölskyldur og það er ekki sjálfgefið að íslenskar fjölskyldur velji að búa á Íslandi ef fórnarkostnaðurinn er jafnmikill og raun ber vitni. Við sem kærur okkur ekki um að sjá á eftir fleiri vinum flytjast af landi brott verðum að beita okkur fyrir réttlátara skattkerfi sem gerir fólki kleift að nýta tækifærin sem okkar góða land getur boðið upp á.

„EFTIRMINNILEGASTA  
BLÁKKÁT SEM ÉG  
HEF UPPLIFAÐ“

DJÖFLÆYJAN



„Hló af mér allan  
dýrmæta nýja  
maskarann  
á Blakkát!“

BJÖRK EIDSDÓTTIR  
ritstýra á Séd og heyr



★★★★★  
„ÁHORFENDUR  
FÖGNUMU OG  
VAR ÆRIN  
ÁSTÆÐA TIL“  
FRÉTTABLAÐIÐ



SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU  
Midasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á [midi.is](http://midi.is)  
Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

# BLÁKKÁT

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR  
Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR · HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON · MAGNÚS GUÐMUNDSSON

**Föstudagur 1. feb. - Uppselt**  
**Föstudagur 8. feb. - Uppselt**  
**Fimmtudagur 14. feb. - Uppselt**  
**Föstudagur 15. feb. - Uppselt**  
**Laugardagurinn 23. feb. Uppselt**

**Leikhúsmatseðill á veitingahúsinu Tilverunni og 20% afsláttur í blómabúðinni Burknanum Í Hafnarfirði Konudagshelgina 23.-24. feb.**  
**Sunnudagurinn 24. feb. - Örfá sæti laus**  
**Fimmtudagurinn 28 feb. Örfá sæti laus**  
**Föstudagurinn 1. mars. Uppselt**

[midi.is](http://midi.is)  Finndu okkur á facebook

## DEH-1500UB



4x50 W MOSFET magnari · Útvarp með 24 stöðva minni · Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW · AUX og USB tengi á framhlið · Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri · EQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátona.  
Verð: 19.900,- kr.

## DEH-3400UB



4x50W Mosfet magnari · Útvarp með 24 Stöva minni (FM, AM) · Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV, USB · iPod í gegnum USB (snúra fylgja ekki) (CA-IW.51) · AUX og USB inngangar að framan · Texti á skjá: Multi-Colour (getur valið lit) · Takkar: Multi-Colour (getur valið lit).  
Verð: 28.900,- kr. // **TILBOÐSVERÐ: 22.900,- kr.**

## DEH-6400BT



4x50 Mosfet magnari · Útvarp m. 24 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA WAV · USB að aftan og Aux-in að framan · Hleður og spilar af iPod · Multi-Colour skjár og takkar · Bluetooth - Hægt að streyma tónlist þráðlaust frá öðrum tækjum.  
Verð: 44.900,- kr. // **TILBOÐSVERÐ: 34.900,- kr.**

**Pioneer**  
HLJÓMTEKI

HEIMSKLASSA  
HLJÓMFLUTNINGUR

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800  
VERSLANIR UM LAND ALLT  
[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)

# Dúndurfréttir

## PINK FLOYD

Í tilefni af 40 ára afmæli Dark Side of the Moon ætlar hljómsveitin Dúndurfréttir að flytja þetta meistaraverk í heild sinni í Eldborgarsal Hörpu og í Hofi Akureyri ásamt öðrum perlum Pink Floyd.

Miðasala hefst 12. febrúar  
harpa.is, midi.is  
og í síma 528 50 50 (Hörpu)  
menningarhus.is, midi.is  
og í síma 450 1000 (Hof)



Eldborg Hörpu 20. apríl  
Hofi Akureyri 24. apríl

# Band of Horses



## ELDBORG 11. JÚNÍ

Miðasala hefst 7. febrúar á harpa.is midi.is og í síma 528 50 50



**KROSSGÁTA**

1	2	3	4	5
6	7	8		
9		10	11	
12		13		
	14			15
16		17		
18		19	20	
21				

**LÁRÉTT**  
2. drykkur, 6. kringum, 8. utanhúss, 9. tangi, 11. skóli, 12. deyða, 14. iðja, 16. tveir eins, 17. vefnaðarvara, 18. sníkjudýr, 20. tveir eins, 21. umstang.

**LÓÐRÉTT**  
1. geð, 3. jákvætt svar, 4. greftrunar, 5. arr, 7. raf, 10. bekkur, 13. fálum, 15. tré, 16. kjafi, 19. átt.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. djús, 6. um, 8. úti, 9. nes, 11. fíg, 12. drepa, 14. starf, 16. kk, 17. tau, 18. lús, 20. rr, 21. ómak.  
LÓÐRÉTT: 1. lund, 3. júl, 4. útfarar, 5. síg, 7. merskum, 10. set, 13. pat, 15. fíru, 16. kló, 19. sa.

**Bjargvættur í lofti**

**BAKPANKAR** Ragnheiðar Tryggvadóttur

Ég fann fyrir augngotum samferðafólks míns þegar gráturinn braust út. Skjálfhent reyndi ég að festa sætisbeltið á drenginn og útskýra fyrir honum að komið væri að systur hans að sitja við gluggann. Hann var ósammála því og mótmælti. Of ungur til að hlusta á rök. Þar með vorum við orðin þyrnir í augum, en aðallega í eyrum, þeirra sem höfðu ætlað sér að eiga nota-lega morgunstud á þessari leið, fá sér kaffisopa og súkkulaði og teygja úr tánum. Glugga í blað.



**FÓLK** kom farangri sínum fyrir, smeygði sér úr yfirhöfnum og smokraði sér í sætin í þrengslunum í vélinni. Með uppákomunni töfðum við fyrir umferð um mjóan ganginn í ofanálag og ég sá fyrir mér strembnar fjörutíu mínútur fram undan í háloftunum. Einhverjir myndu ekki láta augngoturnar einar nægja.

**AÐSTÆÐURNAR**

voru óþægilega kunnuglegar. Þar sem ég tafsaði eitthvað við drenginn um skiptast-á-regluna rifjádíst upp fyrir mér þegar sessunautur minn einn reyndi hástöfum að fá

úthlutað öðru sæti af því ég sat með barn í fanginu. Skilningsrík flugfreyjan var miður sín yfir að geta ekki orðið við bón hans. Roskinn bandarískur ferðamaður gat heldur ekki orða bundist af feginleik yfir að hafa aldrei eignast börn þegar hann fylgdist með fyrirganginum í mér með tvö lítil börn á flugvelli.

**MÉR** voru um það bil að fallast hendur þegar drengnum var skyndilega boðið gluggasætið á móti og sú sem átti það settist við ganginn. „Nú varstu aldeilis heppinn,“ sagði ég við hann en óttaðist að sú hjálpsama sæi fljótlega eftir greiðaseminni, þar sem þriggja ára ferðalangar sitja sjaldnast þegjandi og hljóðalausir í þrjá stundarfjórðunga. Enda vorum við ekki komin í loftið þegar hún þurfti að leggja frá sér blaðið til að sinna spjalli drengsins. Ég heyrði ekki hvað þeim fór á milli en þau hlógu.

Í tæpa klukkustund skrafaði hún við þann þriggja ára, teiknaði myndir, litaði, þurrkaði nef. Hafði engan tíma til að þiggja kaffið sem flugfreyjan bauð. Hún tók blaðið ekki upp aftur.

**HINUM** megin við ganginn andaði ég léttar, saup á kaffinu og maulaði súkkulaði. Teygði aðeins úr tánum. Dauðsá eftir að hafa ekki tekið með mér lesefni. Kunni þó ekki við að fá blaðið hennar lánað.



**SPORT** STÖÐ 2 SPORT Í KVÖLD KL. 19.20

**RÚSSLAND ÍSLAND**

Lars Lagerbäck stillir upp sínum sterkasta hóp gegn einu öflugasta landsliði heims.



Fáðu þér áskrift  
512 5100  
stod2.is



**MYNDASÖGUR**

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli



**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**HANDAN VIÐ HORNIÐ**

Eftir Tony Lopes



**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR

BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT

MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ

FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • BLEK • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR

SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR

GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR

STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR VINNSLUMINNI • HÝSINGAR

MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • HÝSINGAR

MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI.

NÝJAR VÖRUR, B VÖRUR, SÝNINGAREINTÖK OG

ÚTLITSGALLAÐ Á DÚNDURAFSLÆTTI!

2.000  
VÖRUR  
Á ÚTSÖLU

SÝNINGAREINTÖK  
OG ÚTLITSGALLAÐ  
Á BOTNVERÐI

EINA  
ÚTSALA  
ÁRSINS!  
tl.is

STÓRÚTSALA SAMTÍMIS  
Í 6 VERSLUNUM  
UM ALLT LAND

OPIÐ  
10 - 18

SKOÐAÐU  
ÚRVALIÐ  
Á TL.IS

TÖLVU  
LISTINN



REYKJAVÍK  
SUÐURLANDSBRAUT 26  
Sími 414 1700

AKUREYRI  
GLERÁRGÖTU 30  
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR  
KAUPVANGI 6  
Sími 414 1735

KEFLAVÍK  
HAFNARGÖTU 90  
Sími 414 1740

SELFÖSS  
AUSTURVEGI 34  
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR  
REYKJAVÍKURVEGI 66  
Sími 414 1750

## Aðstandendur Segðu mér satt

**Höfundur:** Hávar Sigurjónsson.  
**Leikstjóri:** Heiðar Sumarliðason.  
**Tónlist:** Svavar Knútur Kristinsson.  
**Leikmynd og búningar:** Kristína R. Berman.  
**Ljósahönnun:** Magnús Arnar Sigurðarson.  
**Dramatúrg:** Bjartmar Pórðarson.  
**Leikarar:** Ragnheiður Steindórsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson.  
 Frumsýning í Kúlunni 7. febrúar.



LEIKSTJÓRINN Heiðar Sumarliðason  
FRÉTTABLAÐID/GVA

# Er eitthvað af þessu satt?

Leikfélagið Geirfugl frumsýnir annað kvöld leikritið Segðu mér satt eftir Hávar Sigurjónsson í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu. Verkið er nýstárlegt fjölskyldudrama og Heiðar Sumarliðason leikstjóri segir áhorfendur eiga von á óvenjulegri upplifun.

Segðu mér satt gerist í búningsherbergi leikhúss þar sem leikarahjón setja á svið leikrit fyrir fatlaðan son sinn,“ segir Heiðar Sumarliðason leikstjóri beðinn að útskýra í stuttu máli um hvað Segðu mér satt snýst. „Það er í raun opið fyrir túlkunum hvað er satt og hvað logið af því sem út úr þessu fólki kemur og það er eiginlega í höndum áhorfenda þegar leiksýningin er búin að túlka hvað í rauninni gerðist og hvort eitthvað af því var satt.“

Leikarahjónin eru leikin af Ragnheiði Steindórsdóttur og Árna Pétri Guðjónssyni en Sveinn Ólafur Gunnarsson leikur son þeirra. Heiðar segist hafa verið alveg viss um að þetta væru leikararnir sem ættu að leika þessi hlutverk. „Þetta er í þriðja skipti sem ég vinn með Árna en ég þekkti Ragnheiði ekki neitt þegar ég hringdi í hana og bað hana að vera með, ég vildi bara fá hana í hópinn. Svanna hef ég þekkt lengi og ákvað strax og ég sá hann í Nemendaleikhúsinu að þetta væri leikari sem ég ætlaði einhvern tíma að vinna með.“

Þessi uppfærsla er sem sagt alfarið þín hugmynd? „Já, eiginlega. Það gerðist nú bara þannig að Hávar kom á sýningu sem ég setti upp, Pizzasandilinn eftir Elísabetu Jökulsdóttur, og hringdi síðan í mig daginn eftir, sagðist eiga þetta leikrit og spurði hvort ég vildi setja það upp. Ég sagði auðvitað bara já og hér erum við í dag.“



FJÖLSKYLDAN Ragnheiður Steindórsdóttir, Árni Pétur Guðjónsson og Sveinn Ólafur Gunnarsson.  
FRÉTTABLAÐID/GVA

Leikfélagið Geirfugl hét áður Fátæka leikhúsið. Hvi þessi nafnbreyting, eruð þið hætt að vera fátæk? „Já, nú erum við ríkisstyrkt þannig að mér fannst ekki viðeigandi að vera Fátæka leikhúsið áfram. En kannski verð ég fátækur aftur og þá endurvek ég Fátæka leikhúsið.“

Þið sýnið í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu, er þetta samstarfsverkefni? „Já, þetta er Leiklistarráðs styrkt sýning og við fáum aðstöðu í Þjóðleikhúsinu og aðgang að þeirra starfsfólki. Ragnheiður er fastráðin þar þannig að hún er í rauninni

þeirra framlag auk þess sem ljósa-hönnuðurinn er starfsmaður Þjóðleikhússins.“

Tónlistin er samin af Svavari Knúti, kemur hann fram í sýningunni? „Nei, nei, hann er bara tónskáldið okkar, það er ekki lifandi tónlist í sýningunni.“

Ög þú lofar því að áhorfendur upplifi eitthvað nýtt á Kúlunni á næstunni? „Já, ég held það. Þetta verk er til dæmis mjög ólíkt Jónsmessunótt eftir Hávar. Þótt bæði verkin séu fjölskyldudrama er nálgunin allt allt öðruvísi.“

fridrikab@frettabladid.is

## Barnsmissir

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson sjúkráhusprestur  
 fjallar um barnsmissi, fimmtudagskvöldið 7. febrúar kl. 20:30  
 í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Samvera sem er öllum opin hefst kl. 19:00.  
 Stuðningshópur hefst í kjölfarið.  
 Allir velkomnir.

### Dagskrá á vormisseri 2013

7. mars - Um gildi húmors í sorgarferlinu.  
 Auðbjörg Reynisdóttir hjúkrunarfræðingur.

4. apríl - Hvað byggir upp eftir sorg og áföll?  
 Halldór Reynisson formaður Nýrrar dögunar.



**NÝ DÖGUN**  
 Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

**ÓDÝRT!**  
**NICOTINELL FRUIT**



Verðsamanburður á Nicotinell Fruit og þremur vinsælustu tegundum sígarettu

# Það er ódýrara að nota Nicotinell Fruit heldur en að reykja!

Í þessum samanburði er gert ráð fyrir því að einstaklingurinn tyggi eitt tyggjó fyrir hverja sígarettu sem hann reykti\*\*\*

Tegund	Fjöldi í kartoni	Meðalverð pr. karton*	Meðalverð pr. sígarettu	Meðalverð pr. pakka
3 vinsælar tegundir	200	11.407	57.04	1.141

Tegund	Bragð	Styrkleiki	Pakkning	Meðalverð pr. pakka**	Meðalverð pr. tyggjó	Meðalverð x20	Sparnaður
Nicotinell	Fruit	2 mg	24	608	25.33	507	-56%
Nicotinell	Fruit	2 mg	96	2.437	25.39	508	-55%
Nicotinell	Fruit	2 mg	204	4.511	22.11	442	-61%
Nicotinell	Fruit	4 mg	96	3.491	36.36	727	-35%
Nicotinell	Fruit	4 mg	204	6.280	30.78	616	-46%

\* Verðkönnun framkvæmd af MMR, 29. janúar 2013 í 10-11, Stöðinni, N1, Olís, Hagkaup, Krónan, Samkaup og Nóatún.  
 \*\* Verðkönnun framkvæmd af MMR, 29. janúar 2013 í 16 apótekum.  
 \*\*\*Í flestum tilfellum nægir að nota á bilinu 8-12 tyggjó á dag. Mest skal nota 25 stk. af 2 mg og 15 stk. af 4 mg

Nicotinell er samstarfsaðili  
 Krabbameinsfélagsins

Nicotinell Fruit lyfjatyggjagúmmi, inniheldur 2 eða 4 mg, nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og það auðveldar þar með reykjargáfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykjum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki og ekki má reykja samhliða notkun Nicotinell Fruit. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/ur þú ert reykjum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggjagúmmis. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykst er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtis skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggjó hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggjagúmmið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggjó aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggjagúmminu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykjagjöf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggjagúmmi á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1 ár. Sumt reykjagáfólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafraeðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígarettu eftir 6 vikur. Reykjum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykjum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafraeðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er vist þú megir nota lyfið ef þú hefur: ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins, fengið einhverja hjarta eða aðasjúkdóma, sykurski, ofvirkan skjaldkirtill/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár eða gervitennur. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlýðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurláunni 12a, 210 Garðabæ

# Krafsað í sembal

TÓNLIST ★★★★★

## Nordic Affect

Mykrir músíkdagar  
HÖRPA, 2. FEBRÚAR.

Nútímatónlist fyrir barokkhljóðfæri hljómar kannski nýstárlega en er það í rauninni ekki. Barokkfiðlur, semball og klavíorkord koma stundum fyrir í poppinu, menn leita allra leiða til að skapa nýstárlegan hljóðheim. Semballinn hefur líka oft komið fyrir í íslenskri samtímatónlist. Leifur Þórarinnsson heitinn samdi t.d. margt fyrir hljóðfærið. Á

tónleikum á Myrkum músíkdögum í Kaldalóni í Hörpu á laugardaginn var þetta þema ríkjandi.

Flytjendur voru Nordic Affect, sérlega skemmtilegur hópur sem hefur haldið líflega og fróðlega tónleika. En fyrsta atriði dagskrárinnar olli vonbrigðum. Það var verk sem bar nafnið Kortamel og var eftir Guðmund S. Gunnarsson. Verkið byrjaði með síendurteknum tónahendingum sem voru leiknar á sembal, auk nokkurra annarra hljóðfæra. Hendingarnar voru ekki sérlega áhugaverðar og urðu því fljótt þreytandi. Framvinda verksins var sömuleiðis ekki spennandi.

Það gerðist fátt. Útkoman var óttalega þunn.

Svipaða sögu er að segja um einleiksverk fyrir sembal eftir Hróðmar Inga Sigurbjörnsson. Guðrún Óskarsdóttir spilaði að vísu listavel á sembalinn en tónlistin sjálf var hálfgerður leirburður, ófrumleg og andlaus. Hún skiptist í nokkra stutta kafla. Þar af leiðandi var ekki mikið pláss fyrir að gera eitthvað flókið og margbrotið úr tónleikunum. Þeim mun mikilvægara var að grunnhugmyndirnar væru góðar. Því miður var ekki svo.

Sem betur fer rættist úr dagskránni því næsta tónsmíð, INNI

eftir Þuríði Jónsdóttur, var verulega áhrifamikil. Halla Steinunn Stefánsdóttir lék á fiðlu síendurteknar, óljósar tónahendingar, afar veikar. Hún gerði það þrýðilega. Úr hátölurum heyrðist af og til veikt hjál í kornabarni. Mikið var um þagnir. Í rauninni var fiðulleikurinn og barnshjálíð eins konar rammi utan um þögnina. Fyrir bragðið varð þögnin þrungin merkingu. Það var magnað að upplifa.

Couleur neige eftir Sophie Dufretelle, sem Georgia Browne spilaði afar fallega á þverflautu, var líka hrifandi. Tónlistin var í fyrstu leitandi en varð smám saman að

grípandi laglínu, sem var nánast rómantísk og einkar fögur.

Lokatónsmíðin var svo eftir Önnu Þorvaldsdóttur og hét Hljóða hvarf. Eins og títt er um tónlist hennar byggðist hún mikið á löngum, myrkum tónum. Þeir voru brotnir upp með alls konar banki og krafsi í sembalinn, sem hér var magnaður. Krafsið hefði mátt vera aðeins hærra. Að öðru leyti var tónlistin áheyrileg, að vísu ekki sérlega rismikil, en hún var skemmtileg og rann ljúflega niður.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Tónleikarnir byrjuðu ekki vel en svo rættist úr þeim.



GERÐUR OG RÚNAR Stilla saman strengi sína í Fríkirkjunni annað kvöld.

## Lýsa ljúfri stemningu

Gerður Bolladóttir sópran og Rúnar Þórisson gítarleikari flytja úrval íslenskra dægurlaga í Fríkirkjunni annað kvöld, fimmtudagskvöldið 7. febrúar. Lögin eru eftir Gunnar Þórðarson, Sigfús Halldórsson, Jón Múla Arnason, Valgeir Guðjónsson, Megas og fleiri og eiga það sammerkt að lýsa hugljúfri stemningu í Reykjavík í gegnum tíðina.

Þar má heyrna margar þekktar perlor sem höfða til Reykvíkinga á öllum aldri.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 við opnun Vetrarhátíðar.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MIÐVIKUDAGUR 6. FEBRÚAR 2013

### Tónlist

21.00 Adda og Díska Heiðars skemmta á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

**ÚTVARPS ÞÁTTURINN SNORRI MEÐ ORRA**

**FRÁ HÁDEGI ALLA VIRKA DAGA**

**X** 97.7

# SKÓDAGAR Í OUTLET 10



Geggjuð verð á flottum skóm

Hælaskór: 6.995.-

Lakk hælar: 995.-



Hælastígvél  
3.995.-

Stígvél  
3.995.-



Studs hælar: 3.995.-



Fylltir strigaskór: 4.995.-



Plattform hælar: 4.995.-



Fylltir ökkaskór: 6.995.-



Hælaskór: 2.995.-



Kuldaskór: 4.995.-



Hælaskór: 2.995.-



Reimaðir skór: 2.995

## LAGERHREINSUN...

+++ OUTLET 10 +++  
merki fyrir minna

Fyrstur kemur  
fyrstur fær

OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18

SUNNUDAG 12 - 17 erum á [facebook](https://www.facebook.com/outlet10)

**OUTLET 10**

+++ merki fyrir minna +++

FAXAFENI 10 - s. 578 7977

**LAUGARÁSBIÓ** www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

**miði.is** Miðasala og nánari upplýsingar

**16** SCHWARZENEGGER **L** **12**

**POWERSÝNING KL. 10.15**

**THE LAST STAND**

**HÁKARLABEITA 2**

**VESALINGARNIR** 8 ÓSKARSTILNEFNINGAR

EIN BESTA HASARMYND ÁRSINS! ÍSL TALI

**16** **12**

**DJANGO**

**LAUGARÁSBIÓ** Sjningartímar

THE LAST STAND	8, 10.15(P)	16
HÁKARLABEITA 2	6	L
VESALINGARNIR	5.50, 9	12
DJANGO UNCHAINED	10.15	16
THE HOBBIT 3D	6(48R)	10

**SAMBIÓN SAMBIO.IS**

JASON STATHAM - JENNIFER LOPEZ

**PARKER** BESTI HASARMYND TIL PESSA 16

**GANGSTER SQUAD** THE BEST GANGSTER FILM OF THE DECADE

**THE IMPOSSIBLE** NAOMI WATTS TILNEFND TIL ÓSKARVERÐLAUNA

**JACK REACHER** PAU ERU KOMIN AFTUR

**CHASING MAVERICKS** BYGGÐ Á SÖNNUM AFBURÐUM

**DJANGO** SKRÍMSLÍV SEM ALLIR ELSKA NU Í FRÁBÆRRI ÞRÍVIDD

**ALFABAKKA**

PARKER	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
PARKER VIP	KL. 10:30	16
GANGSTER SQUAD	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
GANGSTER SQUAD VIP	KL. 5:30 - 8	16
MONSTERS INC	KL. 5:50	16
XL	KL. 10:30	16
CHASING MAVERICKS	KL. 8	16
JACK REACHER	KL. 8 - 10:40	16
THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
SAMMY 2	KL. 5:50	16

**EGILSHÖLL**

PARKER	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
GANGSTER SQUAD	KL. 5:30 - 8 - 10:30	16
MONSTERS INC	KL. 5:50	16
DJANGO UNCHAINED	KL. 8	16
JACK REACHER	KL. 8 - 10:30	16
THE IMPOSSIBLE	KL. 5:30	16

**KEFLAVÍK**

PARKER	KL. 8	16
THE LAST STAND	KL. 8	16
THE IMPOSSIBLE	KL. 10:30	16
CHASING MAVERICKS	KL. 10:20	16

**AKUREYRI**

PARKER	KL. 8 - 10:20	16
PARKER	KL. 10:20	16
THE IMPOSSIBLE	KL. 8	16

**TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS**

# Hermikrákur af Guðs náð

TÓNLIST ★★★★★

## The Bootleg Beatles

Tónleikar  
ELDBORG, HARPA 3. FEBRÚAR



**THE BOOTLEG BEATLES** Hljómsveitin The Bootleg Beatles stóð sig vel í Eldborgarsalnum.

Liðsmenn The Bootleg Beatles voru fljótir að slá á mögulegar efasemdaraddir um ágæti þeirra er þeir mættu á svið í Eldborgarsalnum í Hörpu á sunnudagskvöld.

Einhverjir Bítlaaðdáendur óttuðust vafalítið að þeir myndu fara illa með „gersemar“ sinna manna og gera lítið úr þessari merku sveit með spilamennsku sinni. Aðrir hafa eflaust spurt sig hversu langt þeir ætluðu að ganga sem eftirhermur og hvort þetta yrði kannski allt saman afskaplega kjánalegt. Alla vega er ljóst að forvitnin var mikil þegar fjórmeningarnir mættu til leiks.

Fljótlega kom í ljós að þeir kunnu auðveldlega að spila og syngja eins og Bítlarnir og að þeir gengu alla leið í að herma eftir þeim. Klæðnaðurinn var eins, hártískan, hreyfingarnar og meira að segja talsmáti þeirra á milli laga var eins og hjá þeim John, Paul, George og Ringo. Málgaðastir voru „Paul“ og „John“ og var sá síðarnefndi glettilega líkur Lennon í útliti og tóktum.

Hljómurinn var langt í frá nýtskulegur þrátt fyrir glæsileg salarkynnin. Í staðinn var notast við Vox-magnara eins og Bítlarnir áttu og Rickenbacker-bassa í anda McCartney og að sjálfsögðu var eftirherma hans örvent. Tónleikagestir fengu þannig á tilfinninguna að þeir væru komnir rúma hálfra öld aftur í tímann þegar

Bítlarnir voru að stíga sín fyrstu spor í Cavern-klúbbnum.

Tónleikunum var skipt í fjögur tímaskeið og klæddu The Bootleg Beatles sig eftir því hvað hæfði hverju þeirra. Fyrst spiluðu þeir elstu lögin eins og I Wanna Hold Your Hand og Saw Her Standing There og í síðarnefnda laginu fengu þeir salinn til að standa upp og dansa. Það virtist léttá stemninguna, sem hafði fram að því verið örlítið þvinguð.

Eftir hlé mættu þeir aftur í Sgt. Pepper-dressinu, með blásara og strengjaspilara sér við hlið, og spiluðu Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band, I Am the Walrus og fleiri fín lög. George Harrison-eftirherman, Andre Barreu sem er eini upphaflegi meðlimur The Bootleg Beatles, spilaði While My Guitar Gently Weeps og Here Comes The Sun með hjálp strengjaleikara,

áður en félagar hans komu á svið í hippaklæðnaði. Lög af síðustu plötunni sem Bítlarnir tóku upp, Abbey Road, voru þar áberandi og náði hljómsveitin mestu flugi í þeim lögum. Parna var stemningin orðin mjög góð í salnum og minnt hún stundum á ekta íslenskt sveitaball þar sem áhorfendur stóðu upp og dönsuðu, sungu og klöppuðu með, auk þess sem eitt og eitt öskur fékk að fljóta með.

Lokalagið fyrir upplapp, eins og á öllum tónleikum The Bootleg Beatles, var Hey Jude. Eftir upplapp spiluðu þeir nokkur lög til viðbótar og enduðu á Twist and Shout við góðar undirtektir tónleikagesta, sem höfðu fyrir löngu komist yfir kjánahrollinn, ef hann var einhver tímenn fyrir hendi, og gátu notið tónlistarinnar og „leikritsins“ sem þessar fyrirtaks eftirhermur höfðu upp á að bjóða. Freyr Bjarnason

# Algjör Bítlastemning í Hörpu

Stemningin var góð og virtist mikil ánægja með frammistöðu Hermibítlanna.



**HRESSAR** Aðalbjörg Gunnarsdóttir, Aðalbjörg Sigþórsdóttir og María Sigþórsdóttir voru hressar í bragði.



**BÍTLASTUÐ** Vilberg Helgason og Kristjana Guðlaugsdóttir voru í Bítlastuði.



**ELÍN OG ARNDÍS** Elínborg Samúelsdóttir og Arndís Haraldsdóttir sáu The Bootleg Beatles.

**Er barnið mitt að verða of þungt?**

**EBBA GUÐNÝ** gefur góð og árangursrík ráð á mannamáli

Námskeið fyrir foreldra sem hafa áhyggjur af því að börn þeirra, eða unglingar, séu að verða of þung og vilja grípa inn í á öfgalausn og kærleiksríkan hátt. Námskeiðið er hlaðið upplýsingum og ráðum um hvernig fjölskyldur geta með einföldum hætti breytt matarvenjum, valið hollari kosti og fleira sem hjálpar til við að sporna við ofþyngd.

**Fimmtudaginn 14. feb. kl. 20 - 22**

Verð 4.000 kr fyrir annað foreldri en 6.000 kr fyrir báða. Upplýsingar og skráning: ebba@pureebba.com og í síma 775 4004.

*Námskeið í Heilsuhúsinu Laqmála 5*

**heilsuhúsið**

**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELÐ SÉR **LA 5%**

**HÁSKÓLABÍÓ** INÁN ÁR Á MIÐLIS **LA 5%**

**LINCOLN** KL. 5 **14**

**THE LAST STAND** KL. 8 - 10.20 **LÚXUS** KL. 8 **16**

**HÁKARLABEITA 2** KL. 3.20 **L**

**VESALINGARNIR** KL. 4.30 - 8 **LÚXUS** KL. 4.30 **12**

**DJANGO** KL. 4.30 - 8 - 10.40 **16**

**DJANGO LÚXUS** KL. 10.20 **16**

**THE HOBBIT 3D** KL. 4.30 **12**

**LIF OF PI 3D** KL. 8 **10**

**KON TIKI** **L**

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÓÐVAR ISLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvk ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**BÍÓ PARADÍS**

**MIÐVIKUDAGUR:** HOLY MOTORS (16) 17:50, 20:00, 22:10 ■ HVELLUR (L) 18:00, 20:00 ■ XL (16) 20:10, 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (14) 17:50 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN:** bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVISUN SKRITENIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKA OG ELÐRI BORGARA.



# STUÐ VORS LANDS

24. mars kl. 20<sup>00</sup>  
í Eldborgarsal Hörpu

TÓNLEIKAR

SAGA DÆGURTÓNLISTAR Á ÍSLANDI

Miðasala á harpa.is og í síma 528 5050

1944 *til* 1959

24. mars í Hörpu

FLYTJENDUR

EGILL ÓLAFSSON

*Guðrún*  
GUNNARSDÓTTIR

*Valdimar*  
GUÐMUNDSSON

*Ágústa Eva*  
ERLENSDÓTTIR

SIGTRYGGUR

BALDURSSON

*ásamt*

ÁLFTAGERDISBRÆÐRUM

Miðasala hefst 8. febrúar klukkan 12:00

 HARPA

## Hafðís vann tvö gull í Stokkhólmi

Hafðís Sigurðardóttir er í frábæru formi og hún sýndi það og sannaði með því að vinna tvö gull á frjálsíþróttamótinu Raka Spåret í Stokkhólmi. Hafðís bætti sinn besta tíma á árinu í báðum greinum, 400 metra hlaupi og langstökki. Hafðís vann 400 metra hlaupið á 55,89 sekúndum sem er bestí tími hennar á ferlinum. Hún vann einnig langstökkið eftir spennandi keppni. Hafðís tryggði sér sigurinn í lokastökki sínu þegar hún stökk 6,11 metra, sem er hennar besta stökk á þessu ári. Hafðís keppti einnig í 60 metra hlaupi þar sem hún komst í úrslit og endaði í fimmta sæti.



## Bara tvö lið í karlakörfunni hafa ekki rekið Kana í vetur

Félagsskiptagugginn í íslenska körfuboltanum er nú lokaður, sem þýðir að ekkert lið í Dominos-deild karla eða kvenna getur hér eftir bætt við sig eða skipt út bandarískum leikmanni til loka tímabilsins. Nokkur liðanna gerðu breytingar áður en fresturinn rann út um mánaðamótin og eftir þær eru það aðeins tvö af tólf liðum Dominos-deildar karla sem hafa ekki rekið bandarískan leikmann á tímabilinu.

Grindavík og Stjarnan eru nú einu liðin í karladeildinni sem hafa ekki rekið erlendan leikmann og þau hafa

reyndar bæði bætt við sig erlendum leikmanni á miðju tímabili. Stjarnan hóf tímabilið með aðeins einum bandarískum leikmanni en bætti við öðrum um áramótin. Þá bættu Grindvíkingar einnig við þriðja erlenda leikmanni sínum þótt aðeins tveir þeirra megi vera inn á vellinum í einum. Grindavík og Stjarnan eru bæði í baráttunni um deildarmeistararitilinn og mætast í bikarúrslitaleiknum seinna í þessum mánuði.

KFÍ og Fjölnir hafa bæði látið þrjá leikmenn fara en Keflavík, KR, ÍR og

Tindastóll hafa öll sent tvo leikmenn heim. Annar ÍR-inganna kom þó aftur og Tindastóll notaði Robert Sallie aðeins í einn leik áður en hann var látinn fara.

Snæfell og Skallagrímur voru bæði að reka sinn fyrsta mann á dögum en Þór Þorlákshöfn og Njarðvík skiptu bæði um Bandaríkjamenn fyrir jóla og með góðum árangri.

Isacc Miles spilar nú með Fjölni en bæði Tindastóll og ÍR hafa látið hann fara í vetur. Miles hefur leikið tólf leiki í deildinni í vetur og aðeins einu sinni verið í vinningsliði.

## ÚRSLIT

### SÍMABIKAR KVENNA Í HANDBOLTA ÁTTA LIÐA ÚRSLIT

#### FH - ÍBV 20-24 (7-8)

Mörk FH: Þórey Anna Ásgeirsdóttir 6, Ásdís Sigurðardóttir 4, Sigrún Jóhannsdóttir 2, Birna Íris Helgadóttir 2, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 2, Ingibjörg Pálmadóttir 2, Gunnur Sveinsdóttir 1, Steinunn Snorradóttir 1.

Mörk ÍBV: Guðbjörg Guðmannsdóttir 7, Simona Vintila 6, Georgeta Grigore 5, Ivana Mladenovic 4, Ester Óskarsdóttir 2.

#### ÍBV 2 - FRAM 15-42 (6-22)

Mörk ÍBV 2: Ingibjörg Jónsdóttir 9, Andrea Atladóttir 3, Anita Ýr Eypórsdóttir 2, Íris Sæmundsdóttir 1.

Mörk Fram: Stella Sigurðardóttir 9, Elísabet Gunnarsdóttir 8, Ásta Birna Gunnarsdóttir 6, Birna Berg Haraldsdóttir 5, Sunna Jónsdóttir 4, Hekla Rún Ámundadóttir 3, Guðrún Þóra Hálfánsdóttir 2, Hafðís Shizuka Iura 2, Steinunn Björnsdóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 1

#### SELFLOSS - VALUR 23-32 (14-13)

Mörk Selfoss: Hrafnhildur Hanna Prastardóttir 8, Kristrún Steinþórsdóttir 4, Púriður Guðjónsdóttir 3, Thelma Sif Kristjánsdóttir 2, Tinna Soffía Traustadóttir 2, Carmen Palamaríu 2, Hildur Óðer Einarsson 1, Helga Rún Einarsson 1.

Mörk Vals: Dagný Skúladóttir 9, Karólína Bæhrenz Láruðóttir 5, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5, Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 5, Þorgerður Anna Atladóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 2, Kolbrún Fránklín 1, Sonata Viunajete 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1.

Selfossliðið náði mest fjögurra marka forystu í fyrri hálfleik, 12-8, en náði ekki að halda út á móti Íslands- og bikarmeisturinum.

ÍBV, Fram og Valur eru öll komin áfram í undanúrslitin en Gróttá og HK spila um fjórða og síðasta sætið á Seltjarnarnesinu í kvöld.

# Gylfi og Kolbeinn aðeins saman í 193 mínútur 2012

Tvær stærstu stjórnur íslenska fótboltalandsliðsins verða báðar með í fyrsta leik liðsins á árinu þegar Ísland mætir Rússlandi í Marbella á Spáni í kvöld. Þeir voru aðeins saman inn á 21 prósent leiktímans í fyrra.

**FÓTBOLT** Íslenska landsliðið mætir Rússum í kvöld í vináttulandsleik í Marbella á Spáni. Leikurinn hefst klukkan 19.30 og er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson eru tvær af stærstu stjórnur íslenska fótboltalandsliðsins í dag og þeir eru báðir með liðinu á Spáni.

Íslenska landsliðið lék tíu landsleiki undir stjórn Lars Lagerbäck á síðasta ári en þessir tveir stjórnuleikmenn íslenska liðsins voru aðeins saman inn á vellinum í samtals 193 mínútur, eða bara 21 prósent mínútna sem voru í boði.

Það er ekki hægt að kvarta yfir hvernig gekk í þessum þremur

leikjum með Gylfa og Kolbein inni á vellinum. Íslenska landsliðið vann þessar 193 mínútur 5-2, þar á meðal vannst fyrri hálfleikurinn á móti Frökkum 2-0. Markatala íslenska liðsins hinar 707 mínútur ársins var 9-13.

Lars Lagerbäck talaði um þá báða á blaðamannafundi fyrir leikinn. „Gylfi Sigurðsson hefur ekki verið að spila eins mikið og hann myndi vilja hjá Tottenham en ég hef trú á því að það muni breytast. Svo er það Kolbeinn Sigþórsson, sem hefur skorað 8 mörk í 11 landsleikjum fyrir Ísland, tölfræði sem myndi sóma sér vel hjá hvaða stórþjóð sem er,“ sagði Lagerbäck.

ooj@frettabladid.is

## Kolbeinn og Gylfi saman árið 2012

27. MAÍ 2012 ÍSLAND-FRANKLAND 2-3  
45 mínútur saman – Ísland vann þær 2-0

Kolbeinn 1 mark  
Gylfi 1 stoðsending

30. MAÍ 2012 ÍSLAND-SVÍPÞJÓÐ 2-3  
45 mínútur saman – Ísland tapaði þeim 1-2

Kolbeinn 1 mark

15. ÁGÚST 2012 ÍSLAND-FÆREYJAR 2-0

90 mínútur saman – Ísland vann þær 2-0

Kolbeinn 2 mörk

SAMTALS Á ÁRINU 2012

193 mínútur saman – Ísland vann þær 5-2

707 mínútur án þeirra – Ísland tapaði þeim 9-13



POTTURINN STEFNIR Í

120.000.000  
+980.000.000

# 1100 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 1.100.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 120 milljónir, Ofurpotturinn í 980 milljónir.

**EKKI GLEÝMA AÐ VERA MEÐ! Fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

SÖLU LÝKUR KL. 17

VÍKINGA  
LOTTO

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!  
MIÐINN GILDIR 6. FEBRÚAR 2013

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42

# Við erum of grandalausir

Mál tengd veðmálasvindli og hagræðingu úrslita leikja hafa komið upp hér á Íslandi síðustu ár. Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, hefur miklar áhyggjur af þessari þróun. „Félögin halda að þetta eigi ekkert við á Íslandi,“ segir Þórir í viðtali við Fréttablaðið.

**FÓTBOLTI** Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur evrópska lögreglan, Europol, komið upp um gríðarlega spillingu í knattspyrnuheiminum. Átján mánaða rannsókn þeirra leiddi í ljós að úrslitum hefði verið hagrætt í 680 leikjum um allan heim. Ekki tókst það alltaf en leikmönnum eða dómurum var þó mótað.

Rannsóknin teygði anga sína til 30 landa og Fréttablaðið spurði Þóri Hákonarson, framkvæmdastjóra KSÍ, að því hvort rannsóknin hefði teygt anga sína til Íslands.

„Við heyrðum aldrei neitt frá Europol. Ég myndi telja líklegt að við hefðum verið með í ráðum ef þeir vildu rannsaka Ísland,“ segir Þórir sem var þá nýbúinn að sjá fréttirnar. „Þetta er alveg ótrúlegt. Að sama skapi er þetta eitthvað sem menn hafa óttast í langan tíma.“

Þó svo að Ísland hafi ekki verið með í þessari rannsókn hafa komið upp slík mál á Íslandi.

„Það hefur ekki komið upp mál þar sem er hægt að segja hreint að það hafi verið keypt þrjú stig. Það er ekkert staðfest tilvik. Það eru samt vísbendingar um að slíkt hafi verið reynt á Íslandi,“ segir Þórir en KSÍ kom í veg fyrir að Letti stofnaði 3. deildar lið á Íslandi í fyrra með eigin leikmönnum. Sami aðili hafði líka lýst yfir áhuga á því að taka yfir Grindavík.

„Hver er fjárhagslegur ávinningur af því að stofna félag á Íslandi? Hvað er þar í gangi? Það blasti alveg við. Svo kom upp mál árið 2008 en leikmaður HK leit aði þá til leikmanns Grindavíkur um að hafa áhrif á gang mála.“

Grindvíkingurinn tilkynnti sínu félagi um málið og þeir fóru með það í okkur. Það mál var því stöðvað,“ segir Þórir, en báðir leikmenn eru af erlendu bergi brotnir.

„Það var svindlari að spila á Íslandi síðasta sumar. Það er svo einfalt. Hann hefur játað það fyrir rétti,“ segir Þórir, en hann vísar þar til Erdzan Beciri, leikmanns Víkings Ólafsvíkur.

Hann viðurkenndi að hafa þegið tæpar 2 milljónir króna fyrir að hafa áhrif á gang mála í Slóveníu. Aðeins þremur dögum síðar var hann orðinn leikmaður Víkings.

Hvorki félagið né KSÍ vissu af þessum dómi Beciri, sem lék 11 leiki með Víkingi í fyrra. Hann var einnig leikmaður HK er það mál komst upp 2008. Ekki er þó vitað hvort hann sé HK-ingurinn sem var tilkynntur til KSÍ vegna þess máls.

Beciri þessi hefur viðurkennt að hafa hagrætt úrslitum leikja í Króatíu og hann er grunaður um sömu iðju í fleiri löndum að því er fram kemur í frétt fótbolti.net á dögnum.

„Það er óhætt að segja að við höfum áhyggjur af þróun mála enda hafa svona hlutir verið að gerast allt í kringum okkur. Fullt af málum í Finnlandi og frestaðir leikir í Noregi vegna gruns um svindl. Því miður er þetta úti um alla Evrópu,“ segir Þórir ákveðinn og bætir við:

„Mesta hættan er sú að menn eru allt of grandalausir. Félögin og samfélagið halda að þetta eigi ekkert við á Íslandi. Það er mesta hættan. Við megum hafa áhyggjur af þessu og vonandi verða þessar nýjustu fréttir til þess að vekja félögin og almenning til umhugsunar um meinið.“

henry@frettabladid.is

## Letinn sem kom til Íslands í fyrra

Það vakti mikla athygli í maí á síðasta ári þegar Lettinn Krisjanis Klavins varð formaður FFR í 3. deildinni.

Í kjölfarið var félaginu vísað úr Íslandsmótinu á þeim forsendum að erlendir aðilar kæmu að liðinu, atvinnumennska væri ekki leyfð í neðri deildum Íslandsmótsins, að veðmálasvindli kynni að vera í uppsiglingu og að félagið ætti ekki aðild að ÍSÍ.

Þá voru komnir lettneskir leikmenn til landsins sem ætluðu sér að spila með félaginu.

Klavins var afar ósáttur við að FFR hefði verið vísað úr Íslandsmótinu og í yfirlýsingu frá honum á þeim tíma kemur fram að hann ætli að leita réttar síns í málinu. Af því varð aldrei og Klavins hvarf af sjónarsviðinu.

KSÍ svaraði hótunum Klavins af fullum krafti og í þeirra yfirlýsingu stóð meðal annars: „Því miður hafa öfl svika og blekkinga skotið upp kollinum í íþróttahæiminum síðastliðin ár og nauðsynlegt fyrir yfirvöld íþróttamála að halda vöku sinni og standa vörð um heiðarlegan leik. Það mun KSÍ leitast við að gera nú sem endranær. KSÍ mun standa fyrir ákvörðunum sínum á hvaða vettvangi sem þurfa þykir og gera FIFA og UEFA viðvart um málið.“



ÁHYGGJUFULLUR Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur áhyggjur af þróun mála. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Nýr FORD KA á frábæru verði frá 1.890.000 kr.



Skiptu í ferskan, fíman, ferlega skynsaman Ford Ka á frábæru verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika. Komdu bara og prófaðu!

**FORD KA**

FRÁ  
**15.866** kr./mán.\*



ford.is



Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16  
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

\* Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hð, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísyrings CO<sub>2</sub> 115 g/km. Miðað er við grænan óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 950.000 kr. Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Hlutfallstala kostnaðar 10,78%. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.





# CHEVROLET 2013

Veldu þann sem hentar þér best



## Chevrolet Spark **FRÍTT Í STÆDI**

Spark er skynsamlegt sparnaðarráð sem verður að veruleika í minni útgjöldum heimilisins. Hann er sparneytinn, umhverfisvænn og fæst á afar hagstæðu verði.



## Chevrolet Orlando **SÆTI FYRIR 7**

Rúmgóður bíll með miklu innanrymi og djarfri útlitshönnun sem aðgreinir hann frá hjörðinni. Bíll þar sem hagkvæmni, útlit og aksturseiginleikar vinna vel saman



Chevrolet Cruze 4 dyra

## Glæsilegur Cruze með staðalbúnaði sem setur ný viðmið

Það er ekki nóg með að Chevrolet Cruze sé einn sá fallegasti á götunum í dag, heldur er hann betur búinn en margir mun dýrari bílar.

### Hluti af staðalbúnaði í Chevrolet Cruze 4 dyra:

- My Link upplýsingakerfi **NÝTT**
- Bakkmyndavél **NÝTT**
- Lyklalaust aðgengi og ræsihnappur **NÝTT**
- Útvarpsstillingar í stýri
- Tengi fyrir MP3 spilara
- Hiti í framsætum
- Bluetooth tenging við farsíma **NÝTT**
- Hiti í afturrúðu og speglum
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Aksturstölva
- Regnskynjari í rúðuburrkum
- 7<sup>th</sup> snertiskjár **NÝTT**
- Rafmagn í speglum
- Heimreiðarljós
- Start/stop búnaður (1.7 dísel) **NÝTT**
- ESP skriðvörn
- ISO-fix barnabílstólafestingar
- Tölvustýrð miðstöð með loftkælingu

### Verðdæmi:

Chevrolet Cruze LTZ 1.8 • bensín • bsk  
 Chevrolet Cruze LTZ 1.7 • dísel • bsk  
 Chevrolet Cruze LTZ 1.8 • bensín • ssk

Verð: 3.490 þús. kr.  
 Verð: 4.190 þús. kr. **FRÍTT Í STÆDI**  
 Verð: 3.890 þús. kr.

### Langdrægur rafmagnsbíll



Chevrolet Volt er langdrægur rafmagnsbíll með bensínrafal. Heildarökudrægi Volt er um 500 km. Á hleðslunni einni saman kemst Volt um 60 km, en það dugir í flestum tilvikum fyrir allan daglegan akstur. Komdu í heimsókn og skoðuðu framtíðina.



Opið alla virka frá 9 til 18 og laugardaga frá 12 til 16

**Bílabúð Benna**  
 Sérfræðingar í bílum

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • 590 2000  
 Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330  
 Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636  
 www.benni.is

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



„Ég var að klára fyrstu seríuna af Game of Thrones og bíð spenntur eftir að önnur sériá komi út á DVD í þessum mánuði. Svo hlakka ég líka til þegar þættirnir Walking Dead byrja aftur.“

Matthías Matthíasson tónlistarmaður

## Mundi hiklaust veðja á Gunnar Nelson

Veðmálasérfræðingar Betsson telja Gunnar Nelson sigurstranglegrí í viðureigninni við Jorge Santiago.

Gunnar Nelson kemur til með að keppa sinn annan atvinnumannabardaga í UFC-deildinni hinn 16. febrúar næstkomandi. Þá mætir hann Brasilíumanninum Jorge „Sandman“ Santiago í Wembley Arena í London. Athygli vekur að veðmálasérfræðingar í MMA-bardögum hjá Betsson telja meiri líkur á að Gunnar fari með sigur af hólmi þrátt fyrir að andstæðingur hans sé reynslumeiri og töluvert stærri en hann sjálfur.

Stuðullinn sem Betsson setur á Gunnar er 1,57 en á Santiago er settur stuðullinn 2,25, sem þýðir að Gunnar er talinn sigurstranglegrí. Að sögn Halldórs Halldórs-



DÓRI DNA

getur gerst í svona bardaga. Það geta allir tapað,“ segir Halldór, sem hefur mest- ar áhyggjur af þyngdarmuninum á milli

sonar, sérfræðings í MMA-bardögum, kemur þetta ekki á óvart.

„Gunnar er á mjög hraðri uppleið og er töluvert meira en bara efnilegur, hann er einn af bestu mönnum í heimi í gólfglímu. Mér finnst fólk þó eiga til að gleyma því að allt

Gunnars og Santiago, en sá síðar-nefndi er töluvert stærri og þyngri.

Inntur eftir því hvort hann mundi sjálfur veðja á Gunnar í umræddum bardaga svarar hann játandi. „Ég mundi hiklaust veðja á Gunnar. Hérna megin í Vesturbænum hef ég fulla trú á því að Gunnar Nelson sé næsti heimsmeistari í MMA.“ - sm

**SIGURSTRANG-LEGUR** Gunnar Nelson er talinn líklegur til sigurs í næsta UFC-bardaga.



Við erum sífellt að hugsa um þig og þína

Nýjar og spennandi pítur...

kíktu við - við erum alltaf á sama stað í Skipholtinu

**pítan**  
...alltaf fersk

**mini** Minnum á vinsælu pítubakkana

Vinsamlega athugið að pantanir þurfa að berast fyrir kl. 15 daginn fyrir afgreiðslu

Skipholt 50 C  
Pöntunarsími: 562 9090  
www.pitan.is



## Mikilvægt að lifa í raunveruleikanum

Bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant gefur út nýja plötu í mars. Hann flutti til Íslands fyrir rúmu ári eftir að hafa nýlega greinst með HIV-veiruna.

Hinn 11. mars kemur út önnur plata bandaríska tónlistarmannsins Johns Grant, Pale Green Ghosts. Hún var tekinn upp hérlendis á tíu mánuðum í samstarfi við Bigga Veiru úr GusGus og kemur írski söngkonan Sinéad O'Connor við sögu sem gestur. Fyrsta platan hans, Queen of Denmark, hlaut frábæra dóma gagnrýnenda og valdi breska tímaritið Mojo hana bestu plötu ársins 2010.

Hinn 44 ára Grant, sem er uppallinn í Denver í Colorado, varð ástfanginn af Íslandi eftir að hann spilaði á Airwaves-hátíðinni 2011 og hefur verið búsettur hérlendis í rúmt ár. Hann flutti hingað þegar mikið gekk á í hans lífi því skömmu áður hafði hann greinst með HIV-veiruna og glímdi við veikindi tengd henni til að byrja með. „Ég þurfti að venjast því að vera á Íslandi, sem var ekki auðvelt í fyrstu, þrátt fyrir að ég hafi verið spenntur fyrir öllu hér,“ segir Grant. „En það er alltaf gott að vera á nýjum stað í kringum nýtt fólk sem þekkir ekki alla galla þína enn,“ bætir hann við og heldur áfram: „Ég kom til Íslands í janúar og það var mikið myrkur. HIV-veiran var farin að hafa virkileg áhrif á mig og ég var alltaf mjög þreyttur. Svo fór ég að taka lyf í mars og mér fór smám saman að batna. Núna er næstum ár liðið og mér líður mun betur. Ég er mun líkari sjálfum mér og á auðveldara með að fara fram úr á morgnana.“

### Skammast sín fyrir veikindin

Þú greindir opinberlega frá veikindum þínum á tónleikum í London. Hvers vegna? „Af því að lagið sem ég var að fara að syngja fjallaði um þau. Líklega sagði ég þetta af því að mér leið eins og ég ætti ekki að gera það. Ég á samt ekki að vera hræddur við það þótt ég skammist mín stundum fyrir þetta. Ég held að ég hafi sagt frá þessu af því að þegar ég var yngri þurfti allt að vera leyndarmál. Það er mjög mikilvægt fyrir mig að lifa í raunveruleikanum.“

### Ætlar að búa áfram á Íslandi

Queen of Denmark var afar persónuleg plata þar sem Grant gerði upp fortíðina og söng um baráttu sína við áfengis- og eiturlýfjafíkn, misheppnuð ástarsambönd og um það hvernig hann tókst á við samkynhneigð sína. Þar hjálpaði það honum ekki að vera alinn upp hjá trúadri fjölskyldu í Miðvestur-ríkjum Bandaríkjanna.

Titillag nýju plötunnar er undir áhrifum frá raftónlist og er mjög frábrugðið lögunum á Queen of Denmark. Aðspurður segir Grant nýju plötuna ekki vera alla þannig því sum lög séu í ætt við lögin á þeirri síðustu. „Ég er mjög ánægður með plötuna. Ég er að leyfa fólki að kynna mér aðeins betur og mínum göllum. Þarna er líka eitt lag sem heitir Black Belt þar sem ég syng um galla annars manns, því ég er reiður yfir því að hann



GEFUR ÚT NÝJA PLÖTU Bandaríski tónlistarmaðurinn John Grant gefur út nýja plötu í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Líkir Megasi við Serge Gainsbourg

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Grant verið að semja enska texta fyrir væntanlega plötu Ásgeirs Trausta fyrir erlenda markað. Upp-tökum lauk um síðustu helgi og segir Grant Ásgeir vera afar hæfileikarík tónlistarmann. „Hann er mjög sérstakur. Ég get ekki bent nákvæmlega á hvað það er en honum eru allir vegir færir,“ segir hann. Grant hefur einnig kynnst verum Megasar, hefur miklar mætur á honum og segir hann vera Serge Gainsbourg Íslendinga [hinn sáluga franska tónlistarmann]. Að auki segist hann hafa áhuga á að vinna með áhrifavaldi sínum Björk en hefur ekki enn lagt í að ganga upp að henni og óska eftir samstarfi.

elskar mig ekki lengur. Það er ekki skynsamlegt að hugsa þannig en við gerum það samt stundum enda erum við öll mannleg.“

Grant hreifst fyrst af Íslandi á níunda áratugnum, bæði í gegnum fyrstu plötu Sykurmolanna og vegna landslagsmynda sem vinur hans hafði tekið á Íslandi. Hann ætlar að búa hér áfram, enda búinn að fá atvinnuleyfi í eitt ár í viðbót. Hann segir Ísland hafa verið áhrifavald á nýju plötunni. „Það er lag í lok plötunnar sem heitir Glacier sem er líklega mikilvægasta lagið á henni. Það fjallar um að halda áfram með lífið, taka ábyrgð á eigin lífi og lifa því. Ekki hafa áhyggjur af því sem aðrir halda heldur gera það sem þú veist að þú þarft að gera. Það er ekki auðvelt fyrir mig.“

### Vill ekki spila í Denver

Útgáfutónleikar Johns Grant verða haldnir í Silfurbergi í Hörpu 16. mars. Eftir það fer Grant í tónleikaferð um heiminn með hljómsveit sinni sem er skipuð þeim Chris Pemberton, Pétri Hallgrímssyni, Jakobi Smára Magnússyni og Kristni Agnarssyni. Meðal annars er förrinni heitið til Ástralíu í lok ársins og á hinar ýmsu tónlistarhátíðir í sumar.

Ætlarðu að spila í Denver? „Ég veit það ekki. Ég þyrfti að spila þar en ég kvíði fyrir því. Náunginn sem mörg laganna minna fjalla um býr þar og ég veit að hann myndi líklega mæta á tónleikana mína. Og það vil ég ekki að gerist. Það er asnalegt að segja þetta en þetta er satt.“

frey@frettabladid.is

**Boltinn á Xínu 977**  
- alla virka daga kl. 11 - 12



# Mjúkís

Ís ársins 2013



## Komdu þér í mjúkinn

Mjúkís ársins 2013 er dökkur súkkulaðís með súkkulaðikökubítum.

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Kenna Ásgeir Trausta

Peir eru ekki margir tónlistarmennirnir í dag sem komast með tónlist sína og ljóð inn í kennslustofurnar. Hinn ungi og vinsæli Ásgeir Trausti er þó einn þeirra því krakkar í 4. bekk Hlíðaskóla eru að vinna með lag Ásgeirs, Sumargestur, þessa vikuna.



Verkefnavinnan felst í því að hlusta á lagið og fara vel yfir texta þess. Krakkarnir eiga síðan að reyna að átta sig á hvaða fugl sé verið að tala um í textanum, skrifa um hann greinargerð og teikna af honum mynd.

#### Hringur úr mannahúð vekur athygli

Fatahönnuðurinn Sruli Recht hefur vakið bæði athygli og furðu með hring sem er hluti af haust- og vetrarlínu kappans. Hringurinn er gerður úr skinni af hönnuðinum sjálfum, en hann gekkst undir skurðaðgerð til að fjarlægja húð af maga sínum. Hringurinn hefur nú vakið athygli breska dagblaðsins Daily Mail sem skrifar grein um hringinn og vill meina að hann tilvalinn í Valentínusarpakkann.

Hringurinn ber nafnið Forget me not eða Gleym mér ei og er sem fyrr segir unninn úr magaskinni Sruli. Hringurinn er metinn á rúmar 63 milljónir íslenskra króna samkvæmt Daily Mail.



- trs, áþ

#### Mest lesið VÍSIR

- 1 FBI tóku piltinn með sér til Washington eftir að þeir voru reknir í burtu
- 2 Féllu á fíkniefnaprófi og misstu skiprúmið
- 3 Baráttan á Landspítalanum - „Maður er bara hissa“
- 4 SMÁÍS gafst upp á Facebook eftir fjóra daga
- 5 Coco ætlar að verða fyrsta klámstjarnan sem fer í geimferð
- 6 Ók á bíl og kýldi í báðar bílrúðurnar
- 7 Börnin þéna vel á síldarævintýrinu í Kolgrafafirði
- 8 Twitter logaði í nótt - 5,5 milljónir tístu yfir flutningi Beyoncé



Loksins fáanleg á ný!

www.forlagid.is  
- alvöru bókaútdráttur á netinu



## FORSALA Á .. KAJÖKUM ER HAFIN Í ELLINGSEN



Hafðu beint samband við sölumann: Þór Ragnarsson, 580 8506

Ellingsen býður sérstakt tilboð við forpöntun á kajökum. Verð hér að neðan eru sértilboð til þeirra sem **panta á forsölu**, en kajakarnir koma til landsins um miðjan apríl. Hægt er að skoða úrvalið á heimasíðu Ellingsen og á perception.co.uk, en hafa þarf samband við sölumann Ellingsen til að ganga frá pöntun og fá nánari upplýsingar.

#### PERCEPTION Triumph 13 Angler

Triumph Angler veitir nægt rými fyrir stangveiði án þess að missa sveigjanleika, lipurð og hraða. Hann er tilvalinn fyrir veiðiklær sem vilja samt ekki gefa neitt eftir í gæðum.

Tilboðsverð  
**159.990 kr.**

Verð 209.990 kr.



50.000 kr  
AFSLÁTTUR  
Í FORSÖLU

#### PERCEPTION Scooter Gemini

Scooter Gemini tekur 2 í sæti. Það er auðvelt að stýra honum og hann hentar einstaklega vel á lygnu vatni.

Tilboðsverð  
**109.900 kr.**

Verð 159.900 kr.



50.000 kr  
AFSLÁTTUR  
Í FORSÖLU

#### PERCEPTION Prodigy II 14.5

Sæti fyrir tvo, sérstyrktur botn og stefni. Hann er lipur og stöðugur og hentar vel á lygnu vatni og í léttum straumi.

Tilboðsverð  
**159.900 kr.**

Verð 209.900 kr.



50.000 kr  
AFSLÁTTUR  
Í FORSÖLU

#### PERCEPTION Essence 17

Sérhannaður kjölur og V-lögun kajaksins gera hann afar stöðugan og auðveldar beygjur. Hentar bæði fyrir byrjendur og lengra komna.

Tilboðsverð  
**249.900 kr.**

Verð 354.900 kr.



105.000 kr  
AFSLÁTTUR  
Í FORSÖLU

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)

**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA